




**SKOÐUN** Guðmundur Andri veltir fyrir sér þvergirðingshætti sem mætir þeim sem skipta vilja um nafn. **13**



**MENNING** Birta Rán stendur fyrir götutískubloggi og myndar fólk sem hún mætir á götum bæjarins. **18**



**SPORT** Aníta Hinriksdóttir mátti sætta sig við silfur á sterku móti í Mannheim. **22**

REIKNADU DÆMIÐ á 365.is

365.is | Sími 1817

365

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
29. júní 2015  
150. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt þrenniMáttomun Laugavegi Gellur apríl-júní 2014

**FRÉTTIR**



**Umræðan mikilvæg**


Guðlaugur Bergmann hefur oftast en einu sinni verið á þeim stað að vilja binda enda á líf sitt, fyrst þegar hann var þrettán ára gamall. Hann segir mikilvægt að fólk leiti sér aðstoðar. **12**



**Uppsagnir á aukafundi** Hafnarstjóra og sviðsstjóra skipulags og bygginga verður sagt upp störfum nái tillaga meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar fram að ganga. **2**

**Mannskap verði dreift** Þingmaður VG gagnrýnir að tíu nýjar stöður sérfræðinga við Námsmatsstofnun verði allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. **4**

**Fyrirfram gefin niðurstaða** Starfsþópur umhverfissráðherra leggst gegn hreindýraeldi hér á landi. Áhuga-menn um eldið segja niðurstöðuna fyrirfram ákveðna. **6**



**2 SÉRBLÖÐ FASTEIGNIR | Fólk**



**KRÓNAN**  
ávaxtamarkaður Krónunnar

Veldu einhverja 10 ávexti á ávaxtamarkaði Krónunnar og þú borgar...

**ADEINS 40 kr. STYKKIÐ**  
ef keypt eru 10 stk.  
- annars 50 kr. stk.



**VIÐGÍS HEIÐRUD** „Við þessi tímamót er mér efst í huga innlegt þakklæti og stolt af minni þjóð,“ sagði frú Vigdís Finnbogadóttir, fyrrverandi forseti Íslands, á hátíð sem haldin var til heiðurs henni í gær við Arnarhól. Í dag eru liðin 35 ár síðan Vigdís var kjörin forseti. Það var sögulegt því hún var fyrst allra kvenna til að vera þjóðkjörin forseti og gegndi embættinu í fjögur kjörtímabil eða allt til ársins 1996.

## Björgunarmiðstöð á að mæta stórslysum

Vinna við undirbúning alþjóðlegrar björgunarmiðstöðvar á Íslandi er hafin og fer á fullt í sumar. Yrði ein margra sem myndi sinna leit og björgun á norðurslóðum, er hugmyndin. Íslendingar vanbúnir ef olíu- eða skemmtiferðaskip lenda í vanda.

**ÖRYGGISMÁL** Undirbúningur að rekstri alþjóðlegrar björgunar- og viðbragðsmiðstöðvar á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli er hafinn. Stýrihópur innanríkisráðherra vinnur að því að útfæra tillögur sem líta dagsins ljós á vetri komandi.

Auðunn F. Kristinsson, verkefnastjóri á aðgerðasviði Landhelgisgæslunnar, segir hópinn hafa samráð við innlendir og erlendir stofnanir sem eiga mikið undir því að leit og björgun, þjálfun og þekkingarmiðlun á norðurheimskautssvæðinu sé hnökralaus. Eins hefur samráðshópur innanríkisráðuneytis og utanríkisráðuneytis aðkomu að verkefninu, en hann hefur komið að því allt frá árinu 2013.

Auðunn segir að í gangi sé greining á því hvað nákvæmlega þarf til og umfangi miðstöðvarinnar. „Í okkar huga verður komið á fót miðstöð sem þjónustar systurstofnanir okkar og björgunaraðila sem vinna á norðurslóðum. Við sjáum fyrir okkur að á þessu svæði verði nokkrar svæðisbundnar björgunarmiðstöðvar, og það væri ekki óeðlilegt að miðstöðin hér myndi þjónusta Norður-Atlantshafið og svæðið við Austur-Grænland. Norðmenn þjónusti sitt svæði og ég sé fyrir mér að önnur

### Yrði verkefni allra þjóða norðurslóða

Hugmyndin kom fyrst fram sumarið 2013 þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra fundaði með Anders Fogh Rasmussen, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins (NATO). Þá kom fram að Ísland væri vel í stakk búið til að fóstta slíka miðstöð í krafti þekkingar og ekki síst staðsetningar landsins. Slíkt yrði í samstarfi allra ríkja norðurslóða, en NATO ætti líklega aðkomu að starfsemiinni með starfsfólki og tækjabúnaði.

miðstöð þjónustaði svæði frá Kanada. Rússar hafa verið að setja upp björgunarsstöðvar og styrkja sitt kerfi,“ segir Auðunn og bætir við að umfang starfsemiinnar sé eitt af því sem stýrihópurinn mun móta tillögur að. Sama á við um þann búnað og mannskap sem þyrfti að vera tiltækur. Hvort kæmi til sér-tækrar uppbyggingar á öryggissvæðinu kemur síðar í ljós og mótast af umfanginu.

Spurður um verkefnið ef af yrði, segir Auðunn þau snúa að stórum atvikum sem bregðast þarf við. „Það er alveg á hreinu að það verða stór atvik, skemmtiferðaskip eða stór olíuskip lenda í áföllum hér eða við Grænland, þá eru engir innviðir hér til að leysa slík mál og við munum alltaf þurfa aðstoð. Það er markmiðið að tryggja siglingar- og björgunargetu á þessu víðfeðma svæði,“ segir Auðunn. Hann segir jafnframt að spár um stór-

### Hinn fanginn fundinn: Strokufangi í haldi lögreglu

**BANDARÍKIN** Lögregla í Bandaríkjunum handsamaði í gær strokufangann David Sweat nærri landamærum Kanada í New York-fylki.

Yfirvöld segja lögreglu hafa skotið Sweat, sem þó sé á lífi og í haldi. Sweat er annar tveggja fanga sem höfðu verið á flotta undan réttvísinni í þrjár vikur eftir stök úr fangelsi í fylkinu.

Lögregla skaut Richard Matt, samfanga Sweats, til bana á föstudag.



DAVID SWEAT



„Í okkar huga verður komið á fót miðstöð sem þjónustar systurstofnanir okkar og björgunaraðila sem vinna á norðurslóðum.“

Auðunn F. Kristinsson, verkefnastjóri á aðgerðasviði Landhelgisgæslu Íslands

auknar siglingar stórra olíuskipa við landið hafi ekki ræst, en þess í stað aukast komur farþegaskipa jafnt og þétt.


Skráðar komur skemmtiferðaskipa í sumar eru 105, samkvæmt samantekt Faxaflóahafna og fyrir árið 2016 hafa þegar 86 skip boðað komu sína.

**Pinex® Smelt**  
Munndreifitöflur 250 mg

Actavis



## VEÐUR



Í dag verða norðaustan 8 til 13 metrar á sekúndu og rigning sunnan- og austanlands, en bjart á Vesturlandi og Norðvesturlandi. Á höfuðborgarsvæðinu verður vindur hægur, skýjað. Hiti allt að 19 stig vestanlands, en mun svalara fyrir austan.

SJÁ SÍÐU 16

## Ráðherra segir að skoða verði hvort lög um nálgunarbann séu fullnægjandi: Löglegt að sitja um heimili fólks

**ALÞINGI** Ekki liggur fyrir heildstæð endurskoðun á lögum um nálgunarbann í innanríkisráðuneytinu. Erfitt getur reynst fyrir fólk, sem verður fyrir ofsóknum, að fá nálgunarbann.

Fréttablaðið hefur síðustu daga fjallað ítarlega um ofsóknir. Kona sem Fréttablaðið ræddi við gagnrýndi harkalega viðbrögð lögreglu við hótunum og ofsóknum sem hún varð fyrir. Hún hafi þurft að þola grófar hótanir um ofbeldi án afskipta lögreglu.

Fram kom í máli Friðriks Smára Björgvinssonar yfirlögregluþjóns að erfitt sé að grípa inn í ofsóknir ef athæfið, svo sem hringingar eða að vera fyrir utan hús einhvers ítrekað, sé löglegt.

Ólöf Nordal innanríkisráðherra tekur undir það. Hún segir sérstakar aðstæður þurfi að vera uppi ef slík háttsemi eigi að kalla á nálgunarbann. „Við þurfum bara að meta það hvort þessi löggjöf sem sé í gildi núna sé fullnægjandi.“



„Við þurfum bara að meta það hvort þessi löggjöf sem sé í gildi núna sé fullnægjandi.“

Ólöf Nordal, innanríkisráðherra

## Flúði af réttargeðdeild: Barnaníðingur í strandbæ

**SVÍPÍJÓÐ** Barnaníðingur, sem sagður er sérstaklega hættulegur og flúði frá réttargeðdeild í Sundsvall í Svíþjóð í maí, var handtekinn fyrir helgi í ferðamannabænum Antalya í Tyrklandi. Á flóttanum bað hann stúlkur undir löfgaldri um að senda honum nektarmyndir af sér.

Manninum hafði tekist að flýja frá tveimur starfsmönnum geðdeildarinnar þegar hann var í leyfi utan hennar. Hann sótti vegabréf í fylgd þeirra í trássi við lög.



**BOÐAR FRÍÐ** Dalai Lama, oft nefndur andlegur leiðtogi Tíbeta, ávarpaði gesti áður en tónlistarmaðurinn Lionel Richie steig á svið. NORDICPHOTOS/EPA

## Dalai Lama ávarpaði gesti á Glastonbury-tónlistarhátíðinni: Kínverjar fordæma aðstandendur

**BRETLAND** Kínversk yfirvöld fordæma aðstandendur Glastonbury-tónlistarhátíðarinnar í Bretlandi fyrir að hafa boðið Dalai Lama að ávarpa gesti hátíðarinnar í gær. Kínverjar vilja meina að þar hafi hann fengið vettvang til að koma órði á kínversk yfirvöld. Litíð er á hann sem hættulegan aðskilnaðarsinna sem berst fyrir sjálfstæði Tíbet.

Dalai Lama hitaði upp aðalsvið hátíðarinnar fyrir bandaríska tónlistarmanninn Lionel Richie. Tónlistarkonan Patti Smith deildi sviðinu með Dalai Lama og var honum til halds og trausts.

Rannsaka falsaða lokaritgerð:

## Rannsókn á lokametrinum

**SAMFÉLAG** „Nemandinn hefur skilað inn andmælum og það má segja að rannsóknin sé á lokastigi,“ segir Runólfur Smári Steinþórsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar, um rannsókn Háskóla Íslands á lokaritgerð nýútskrifaðs viðskiptafræðisnema.

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að deildin útskrifaði háskólanema fyrr á árinu með lokaritgerð þar sem þrjú víðtöl virtust fölsuð. Allir viðmælendurnir í ritgerðinni staðfestu að höfundur hafi aldrei rætt við þá.

„Sannist brotið getur það leitt til áminninga, brottrekstrar eða afturköllunar prófgráðu,“ segir Runólfur.

-ngy

## Pétur Blöndal er látinn

**ANDLÁT** Alþingismaðurinn Pétur H. Blöndal lést á heimili sínu á föstudagskvöld. Hann var 71 árs. Pétur hafði glímt við krabbamein um nokkurt skeið. Pétur settist fyrst á Alþingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 1995 og hefur hann sinnt þeim störfum síðan.

Útför Péturs fer fram í kyrrþey að hans ósk. Fjölskylda hans afþakkar blóm og kransa en bendir þeim sem vilja minnst hans á Minningarsjóð krabbameinsslækningsaðildar. Pétur lætur eftir sig sex börn.



# Uppsagnir á aukafundi bæjarstjórnar

Segja á upp fólk og bæjarstjóri mótar reglur um samskipti bæjarfulltrúa við starfsmenn bæjarins samkvæmt tillögum meirihluta bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi VG telur þetta „geggjuð vinnubrögð“. Hafnarstjórn færð undir bæjarstjóra.

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Hafnarstjóra og sviðsstjóra skipulags og bygginga verður sagt upp störfum nái tillaga meirihluta bæjarstjórnar Hafnarfjarðar fram að ganga. Boðað var fyrir helgi til aukafundar bæjarstjórnarfundar til að ræða breytingar á stjórnskipulagi Hafnarfjarðar. Samhliða stendur til að gefa bæjarstjóra sveitarfélagsins vald til að segja upp því fólk sem þurfi til að ná fram hagræðingu í rekstri.

„Þetta eru svo geggjuð vinnubrögð að það er varla hægt að hafa um þau nógu sterk orð. Með því að halda málinu algerlega leyndu og koma í veg fyrir upplýsta umræðu er í raun verið að afnema lýðræðið í bænum. Án eðlilegrar kynningar og skoðanaskipta er útilokað að taka þetta fyrir,“ segir Sverrir Garðarsson, sitjandi bæjarfulltrúi Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs í Hafnarfirði.

Lagt er til í nýju stjórnskipulagi að verkefni íþrótt- og æskulýðsmála verði flutt til sem og verkefni skipulags og bygginga. Einnig er lagt til að stjórn Hafnarfjarðarhafnar verði færð undir verksvið bæjarstjóra.

Þá leggur meirihlutinn til að bæjarstjóra verði falið að móta reglur um samskipti bæjarfulltrúa við starfsmenn bæjarins.

Í tillögu meirihlutans segir að ljóst sé að skipulagsbreytingum þessum fylgi tilfærslur og breytingar á mannhaldi. „Markmiðið skal vera að breyttar áherslur í rekstri skili aukinni framlegð. Bæjarstjóra er falið að framkvæma þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að ná fram



**LEIKJANÁMSKEIÐ Í HAFNARFIRÐI** Hafnarstjóra og sviðsstjóra skipulags og bygginga verður sagt upp í Hafnarfirði og bæjarstjórnin mótar reglur um samskipti kjörinna bæjarfulltrúa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

þeirri virkni sem nýtt stjórnskipulag krefst,“ segir í tillöggunni.

Í síðustu viku var samþykkt tveggja mánaða sumarfrí í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Á þeim fundi fór Haraldur L. Haraldsson einnig yfir fjárhag bæjarins en þar kom fram að ítrekað hafi verið tekið lán fyrir afborgunum eldri lána síðustu tólf ár.

Sverrir vandar meirihlutunum ekki kveðjurnar. „Á bæjarstjórnarfundum fyrir örfáum dögum kom fram að meirihlutinn vildi ekki að bæjarstjórn kæmi saman fyrr en í september, en nú dettur þeim í hug að skjóta á sérstökum neyðarfundum til að breyta sjálfri stjórnskipun bæjarins með þriggja sólarhringa fyrirvara. Þetta er svo galið að það hlýtur einhver



„Þetta eru svo geggjuð vinnubrögð að það varla hægt að hafa um þau nógu sterk orð. Með því að halda málinu algerlega leyndu og koma í veg fyrir upplýsta umræðu er í raun verið að afnema lýðræðið í bænum.“

Sverrir, Garðarsson, bæjarfulltrúi VG í Hafnarfirði

að geta komið vitinu fyrir fólk. Svona er ekki hægt að stjórna bæjarfélagi.“

sveinn@frettabladid.is

## Pað hafa aldrei fleiri brúðkaup farið fram hjá Félagi siðrænna húmanista: Sprengja í aðsókn hjá Siðmennt

**SAMFÉLAG** Veruleg aukning hefur orðið í borgaralegum giftingum hjá húmanistafélaginu Siðmennt. Það sem af er ári hafa sextíu prósent fleiri athafnir farið fram en allt síðasta ár.

„Við finnum það að viðhorf gagnvart athöfnum, sérstaklega giftingu, er að breytast. Þetta er önnur kynslóð,“ segir Bjarni Jónsson framkvæmdastjóri Siðmenntar.

Vegna aðsóknarinnar hefur Siðmennt þurft að þjálfa nýja athafnastjóra. Stjórnarnir, sem áður voru átta talsins, eru nú orðnir 25.

Ástæður fjölgunarinnar rekur Bjarni meðal annars til þess að athafnir Siðmenntar eru án trúboðs. „Þarna er ekki verið að boða húmanisma. Það er fyrst og fremst verið að útbúa athöfn



„Þarna er ekki verið að boða húmanisma. Það er fyrst og fremst verið að útbúa athöfn sem byggir á sammanlegum gildum, í heimspökilegum anda.“

Bjarni Jónsson, framkvæmdastjóri Siðmenntar

sem byggir á sammanlegum gildum, í heimspökilegum anda.“

Bjarni segir jafnframt að



**GIFTING** Allt stefnir í að giftingar Siðmenntar verði um 120 talsins í ár. NORDICPHOTOS/GETTY

samkynhneigð pör sæki í athafnir Siðmenntar. „Við mismunum ekki eftir kynhneigð.“

-snæ

**UP! MEÐ ÖRYGGIÐ**

FOR SAFER CARS

EURO NCAP

www.euroncap.com

VW Up! frá aðeins: **1.790.000 kr.**



WWW.NISSAN.IS



Innovation  
that excites

# NÝR NISSAN X-TRAIL

## STÓRI BRÓÐIR NISSAN QASHQAI

EIGUM BÍLA TIL  
AFHENDINGAR STRAX



### TÆKNILEGUSTU SPORTJEPPARNIR

Nýju sportjepparnir frá Nissan eru hlaðnir spennandi nýjungum, t.a.m. ÖRYGGISHJÚP, sem byggir á 360° MYNDAVÉLATÆKNI. Hann tekur við upplýsingum frá myndavélum á öllum hliðum bílsins og miðlar þeim til öryggiskerfa sem fylgjast með öllu sem gerist. Kerfin láta ökumann vita þegar eitthvað óvænt steðjar að sem valdið getur hættu.



360° MYNDAVÉLATÆKNI



NISSAN CONNECT



ÖRYGGISHJÚPUR

### NISSAN HEFUR TEKID FORSKOT

Nýju sportjepparnir frá Nissan hafa tekið forskot - því viðskiptavinir standast ekki glæsilegt útlit, ríkulegan búnað og hagstætt verð.

Við bjóðum ykkur velkomin að sjá og reynsluaka Nissan X-Trail og kynnst af eigin raun yfirburðum nýju sportjeppanna frá Nissan.

### NISSAN X-TRAIL

ACENTA, SJSK., DÍSIL  
Framhjóladrifinn

Verð: 5.490.000 kr.

Eyðsla 5,1 l / 100 km\*

ACENTA 360° myndavélakerfi, LED dagljósabúnaður, 17" álfelgur, handfrjáls simabúnaður Bluetooth  
**Nissan Connect kerfi:** Íslenskur leiðsögubúnaður, þráðlaus afspilun á tónlist og tenging við snjallforritin Facebook, Google o.fl.

### NISSAN X-TRAIL

ACENTA, BSK., DÍSIL  
Fjór hjóladrifinn

Verð: 5.890.000 kr.

Eyðsla 5,3 l / 100 km\*

GE bílar  
Reykjanesbæ  
www.gebilar.is  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
www.bilas.is  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
www.ib.is  
480 8080

BL ehf  
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





SPURNING DAGSINS



Sigurlaug, á smokkurinn um sárt að binda hjá íslenskum ungmennum í dag?

„Já, hann virðist sitja eftir með sárt ennið hjá íslenskum ungmennum í dag.“

Sigurlaug Hauksdóttir, yfirfélagsráðgjafi hjá Embætti landlæknis, segir ungt fólk furðulega rólegt yfir smíthættu kynsjúkdóma og að of mörgumni sleppi því að nota smokkinn.

# Sveitarfélagið Ölfus aftur sagt skylt að afhenda Íslenska gámafélaginu gögn í útboði sveitarfélagsins. Gögn skulu afhent Íslenska gámafélaginu

**DÓMSMÁL** Sveitarfélaginu Ölfusi ber að afhenda Íslenska gámafélaginu gögn í útboði sveitarfélagsins á sorphirðu sveitarfélagsins og fara þannig eftir úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál. Sveitarfélagið hefur neitað að afhenda fyrirtækinu umbeðin gögn þrátt fyrir úrskurð þess efnis. Þetta kemur fram í nýjum úrskurði Héraðsdóms Suðurlands á föstudaginn.

Íslenska gámafélagið fór fram á að dómstóllinn myndi samþykkja svokallaða aðfararaðgerð, að sveit-

arfélaginu yrði gert skylt að afhenda umbeðin gögn. Dómstóllinn samþykkti þá kröfu og dæmdi einnig sveitarfélagið til að greiða Íslenska gámafélaginu eina milljón króna í málskostnað.

Heiðrún Lind Marteinsdóttir, lögmaður Ölfuss, segir líklegt að úrskurðurinn verði kærður til æðra dómstígs.

Forsaga málsins er að Gámafélögunustan varð hlutskörpust í



GUNNSTEINN R. ÓMARSSON

útboði á sorphirðu í Ölfusi og vildi samkeppnisaðilinn, Íslenska gámafélagið, glöggva sig á forsendum tilboðsgerðar fyrirtækisins. Sveitarstjóri neitaði að afhenda gögnin. Einnig neitaði sveitarfélagið að afhenda gögnin þrátt fyrir úrskurð nefndar þess efnis.

Gunnsteinn R. Ómarsson, sveitarstjóri Ölfuss, var á þeim tíma einn af eigendum Gámafélögunustunnar.



ÖLFUS Gámafélögunustan varð hlutskörpust í útboði á sorphirðu bæjarins. Bærinn afhendir samkeppnisaðilanum ekki umbeðin gögn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁTÖK Fólk leitar skjóls undan háþrýstidælum lögreglu. NORDICPHOTOS/EPA

Til átaka kom í Tyrklandi:

## Piparúða beitt á Gay Pride

**TYRKLAND** Tyrkneska lögreglan beitti piparúða, skaut gúmmíkúllum og sprautaði vatni á þátttakendur í Gay Pride-göngunni í Istanbúl í gær. Samkvæmt fréttavef CNN mátti gangan ekki fara fram á sama tíma og Ramadan-fastan stóð. Til átaka kom á Taksim-torginu en hátíðarhöldin hafa þó farið friðsamlega fram í Istanbúl undanfarin ár.

Þótt samkynhneigð sé ekki saknæm í Tyrklandi, ólíkt sumum öðrum löndum múslima, eru forðomar enn útbreiddir.

Fjárhagsupplýsingakerfi ríkis:

## Ekki talin þörf á frekari ítrekun

**STJÓRNÝSLA** Í nýrri eftirfylgniskýrslu Ríkisendurskoðunar um Orra, fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins, kemur fram að ekki sé talin þörf á frekari ábendingum vegna vinnubragða hins opinbera.

Heildarkostnaður ríkisins frá árinu 2001 er yfir sex milljarðar króna vegna kaupa frá Skýrr hf. á kerfinu.

Hins vegar bendir stofnunin á að vanda eigi til áætlanagerða vegna verkefna ríkisins.

### LEIÐRÉTT

Í umfjöllun blaðsins um helgina um launakjör í vinnuskólum var orlof ekki reiknað með í laun Garðbæinga. Því borgar Garðabær ekki lægst tímakaup hjá eldri árgöngum heldur Reykjavík.

# Segir hægt að dreifa mannskap þótt unnið sé í teymi

Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður VG, gagnrýnir að nýjar stöður sérfræðinga við Námsmatsstofnun verði allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Ráða á tíu sérfræðinga. Hagræði ræður för segir Námsmatsstofnun.

**STJÓRNÝSLA** Bjarkey Gunnarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna, gagnrýnir að fyrirhuguð ráðning tíu ráðgjafa Námsmatsstofnunar vegna læsisverkefnis skuli allar staðsettar á höfuðborgarsvæðinu.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur falið Námsmatsstofnun að vinna að innleiðingu aðgerða til eflingar læsis og er verkefnið hluti af aðgerðum í framhaldi af Hvítbók um umbætur í menntamálum. Ráðgjafarnir eiga að sinna öllu landinu og vera skólum og sveitarstjórnunum til halds og trausts um aðgerðir til að auka læsi skólabarna.

„Þetta eru störf sem geta verið hvar sem er,“ segir Bjarkey. „Þau þurfa ekki bara að vera í Kópavogi, þar sem aðsetur Námsmatsstofnunar er nú. Við þekkjum það að við getum verið hvar sem er á landinu og hægt er að dreifa mannskap þó menn vinni saman í teymisvinnu. Nú hefur verið reynt að flytja stofnun með manni og mús en ekki gengið og það er stefna stjórnvalda að dreifa störfum jafnt um byggðir landsins. Því tel ég að hægt væri að tengja hluta þessara starfa við miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri þar sem mikil fagþekking er á sviði læsis.“

Gylfi Jón Gylfason, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun, segir ástæður nokkrar fyrir því að öll störfin verði staðsett á höfuðborgarsvæðinu. „Ætlunin er aldrei að hópurinn sé varanlega á einhverjum stað. Hópur-



Gylfi Jón Gylfason, sérfræðingur hjá Námsmatsstofnun



Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir þingmaður Vinstri grænna

Ætlunin er aldrei að hópurinn sé varanlega á einhverjum stað. Hópurinn kemur á staði, kennir fólki ákveðna tækni og fer svo annað.

Þetta eru störf sem geta verið hvar sem er. Þau þurfa ekki bara að vera í Kópavogi, þar sem aðsetur Námsmatsstofnunar er nú.

inn kemur á staði, kennir fólki ákveðna tækni og fer svo annað. Þannig er hópurinn hugsaður sem teymi og vinnur saman með sameiginlega starfsstöð. Þetta er ekki hugsað sem viðbót sveitarfélaganna sem sérfræðiþjónusta á hverjum stað,“ segir Gylfi Jón.

Gylfi segir þann möguleika hafa verið skoðaðan að setja þessi störf niður annars staðar en á höfuðborgarsvæðinu en fagleg rök og hagræði hafi legið að



LÆSI Ráðgjafarnir munu styðja kennara, foreldra, skólastjórnendur og sveitarstjórnir um allt land og miðla leiðum til að efla læsi nemenda í leik- og grunnskólum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

baki því að setja störfin niður í Kópavogi.

„Væntanleg menntamálastofnun, sem nú er í meðförum þingsins, verður starfrækt í Kópavogi. Einnig búa langflest börn,

sem teymið þarf að ná til, hér í kransi höfuðborgarsvæðisins og því er mesta hagræðið að vera með stöðurnar á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Gylfi Jón.

svinn@frettabladid.is

Frá kr. **14.900**

# Barcelona

Flugsæti aðra leið með sköttum.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
www.heimsferdir.is

## Priðja flaug Space-X sem springur á leiðinni til alþjóðlegu geimstöðvarinnar: Geimflaugin sprakk í loft upp

**BANDARÍKIN** Falcon 9 geimflaug fyrirtækisins SpaceX sprakk í loft upp á leiðinni til Alþjóðlegu geimstöðvarinnar á þriðja tímnum í gær.

Flaugin var komin hátt á loft frá Canaveral-höfða í Flórída þegar hún sprakk. Um borð í flauginni voru birgðir til geimstöðvarinnar, en þetta er önnur birgðaflaugin í röð sem kemst ekki á leiðarenda og sú þriðja síðan í október.

Starfsmenn NASA segja að þrátt fyrir það séu nægar birgðir af mat og nauðsynjum um borð í geimstöðinni. Birgðirnar munu duga fram í október. Ekki liggur fyrir hvers vegna flaugin sprakk.

Falcon 9 flaugunum er ætlað að lenda aftur eftir að þeim hefur verið skotið út í geim. Space X segir að geimskotið hafi gengið vel, þar til flaug-



ORSOK ÓLJÓŠ Ekki liggur fyrir hvers vegna flaugin sprakk. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

in náði hljóðhraða. Þetta átti að vera þriðja tilraun fyrirtækisins til að lenda Falcon 9 flaug á pramma í Atlantshafinu. Brak úr geimflauginni er sagt hafa lent í Atlantshafinu.

→ Matarbirgðir og nauðsynjar í Alþjóðlegu geimstöðinni eiga, þrátt fyrir óhappið, að endast fram í október..

- skó, vh





1975 | Bílabúð Benna | 2015

# ÓVERÐTRYGGÐIR VEXTIR TIL ALLT AÐ SJÖ ÁRA!



### Opel Astra

Verð frá: **2.990.000 kr.**

Útborgun frá aðeins: **299.000 kr.**

## OPEL ASTRA

# FLOTTUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Pýsku gæðin leyna sér ekki og nú fæst Opel Astra á enn betri kjörum. Astra er alveg eins magnaður og hann lítur út fyrir að vera. Hann sameinar flott útlit og framúrskarandi aksturseiginleika. Opel Astra er einn vinsælasti bíllinn í Opel fjölskyldunni, enda kraftmikill, sparneytinn og lipur í alla staði.

Hægt að velja dísil- eða bensínvél. Sparneytinn: Opel Astra 1,6 dísilvélin notar aðeins 3,7l/100 km. og mengar aðeins 97 gr/km miðað við blandaðan akstur.

**Bílabúð  
Benna**  
Sérfræðingar í bílum

Kynntu þér Opel Astra á [opel.is](http://opel.is) eða á [benni.is](http://benni.is)

Reykjavík  
Tangarhöfða 8  
590 2000

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
420 3330

Opið virka daga frá 9 til 18  
og laugardaga frá 12 til 16.  
Verið velkomin í reynsluakstur.



**Wir leben Autos.**



Bílabúð Benna og Lykill gera þér kleift að eignast nýjan Opel á þægilegan máta. Útborgun er að lágmarki 10% af verði bílsins og Lykill lánar þér afganginn til allt að sjö ára. Þú velur þér nýjan bíl hjá Bílabúð Benna og sölumenn sjá um að ganga frá láninu. Lánshlutfall ræðst af lánshæfis- og/eða greiðslumati hvers umsækjanda og getur hæst orðið 90%. Skylt er að kaskótryggja bifreiðina á lánstímanum.



## VEISTU SVARID?



1. Með hvaða stað mælir Röggnunefndin með undir nýjan flugvöll?
2. Vinnuskóli hvaða sveitarfélags borgar besta tímakaupið?
3. Hvað hefur virðisaukaskattskyld velta bílaleiga aukist mikið á milli árána 2010 og 2014?

SVÖR:  
þrösk.

1. Hæðsáhrannin. 2. Fjarðarhábyggð. 3. Um 165

Á biðlista eftir hjúkrunarrýmum eru 306 manns en voru 155 fyrir fimm árum:

## Helmingi fleiri bíða nú en 2010

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar eftir hjúkrunarrýmum hafa lengst jafnt og þétt frá árinu 2010, en þá biðu 155 einstaklingar eftir hjúkrunarrými samanbörð við 306 þann 1. maí 2015. Þetta samsvarar 7,9 á 1.000 íbúa 67 ára og eldri í stað 4,2 árið 2010.

Þetta kemur fram í upplýsingum frá embætti landlæknis sem fer með umsjón með rekstri, viðhaldi og þróun rafrænnar skrár um dvöl í dvalar- og hjúkrunarrýmum.

Um 65% þeirra sem biðu eftir

hjúkrunarrými 1. maí 2015 voru 80 ára og eldri, eða 16,6 á hverja 1.000 íbúa á þeim aldri. Þar af voru 139 konur en 61 karl.

Biðlistatölur eru fengnar úr færni- og heilsumatsskrá þar sem skráðar eru upplýsingar sem varða færni- og heilsumat. Skráning er í höndum færni- og heilsumatnefnda sem leggja faglegt mat á dvalarþörf íbúa í því heilbrigðisumdæmi sem þær starfa. Færni- og heilsumatsskráin inniheldur upplýsingar allt aftur til ársins 1992.



**BIDIN LENGIST** Flestir sem bíða eru 80 ára og eldri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Afkoma versnaði í fyrra: Pýngri róður sveitarfélaganna

**STJÓRNSÝSLA** Afkoma sveitarfélaga versnaði á árinu 2014 almennt samanbörð við afkomu ársins á undan. Þetta kemur fram í riti hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga um ársreikninga ársins.

Pýngst vegur hækkingu launakostnaðar sveitarfélaga. Laun og launatengd gjöld eru yfir helmingur heildartekna sveitarfélaga. Veltufé sveitarfélaga frá rekstri hefur einnig lækkað um fjórðung milli ára.

- 5a



**ARNARSTAPI** 557 bátar hafa stundað veiðarnar í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Strandveiðar að glæðast: Veiðarnar skil að 3,5 tonnum

**SJÁVARÚTVEGUR** Strandveiðiflotinn hefur veitt 3.473 tonn frá upphafi veiða 1. maí, segir á heimasíðu Landssambands smábátæigenda (LS).

Veiðidagarnir eru rétt rúmlega 100 á þessu sjöunda ári sem veiðarnar hafa verið stundaðar. Á bak við þennan afla standa 557 bátar sem farið hafa í 6.246 róðra. Afli í hverjum róðri er að meðaltali 556 kíló.

Fyrir atvinnuveganefnd Alþingis liggur þingsályktun um ráðstöfun afla í potta, og hefur LS gert þá kröfu að viðmiðunarfli strandveiða verði hækkaður um 2.000 tonn.

- shá

## Smásala á eldsneyti skoðuð: Niðurstöðu að vænta í haust

**SAMKEPPNI** Samkeppniseftirlitið vinnur nú að rannsókn á eldsneytismarkaðnum á Íslandi og verður frummatsskýrsla um markaðinn birt fyrir byrjun októbermánaðar.

Skýrslan mun hafa að geyma drög að niðurstöðu markaðsrannsóknar Samkeppniseftirlitsins og í framhaldinu verður aðilum málsins, olíufélögunum á Íslandi, gefinn frestur til að senda inn athugasemdir við skýrsluna.

Pegar skýrslan verður loks tilbúin mun Samkeppniseftirlitið leggja mat á það hvort nauðsynlegt verði að grípa til íhlutunar á markaðnum.

- sa

Hreindýraeldi á Íslandi kemur ekki til greina segir starfshópur umhverfissráðherra. Áhrif á villta stofninn neikvæð. Áhugamenn segja niðurstöðuna fyrirfram ákveðna, enda sýni reynsla annarra þjóða kosti eldisins.

**NÁTTÚRA** Starfshópur umhverfissráðherra finnur því flest til foráttu að hefja eldi hreindýra hér á landi. Helstu rök eru sjúkdómahætta og önnur áhrif á villtan stofn hreindýra á Austurlandi. Rök nefndarinnar eru haldlítill, segja þeir sem sóttu um leyfi til hreindýraeldis í fyrra og var kveikjan að því að málið komst á dagskrá og að nefndarstarfinu.

Birni Magnússyni, fyrrverandi bónda og áhugamanni um hreindýraeldi og annar þeirra sem sóttu um leyfi til hreindýraeldis í fyrra, kemur niðurstaða nefndarinnar ekki á óvart, enda hafi andstaða við málið verið greinileg frá upphafi. Hann og Stefán Hrafn Magnússon, hreindýrabóndi á Grænlandi, hafi aldrei fengið að gera grein fyrir hugmyndum sínum, og það hafi verið afþakkað af nefndarformanni að þeir kæmu fyrir nefndina til að skýra sín sjónarmið. Eins hafi Sigurður Ingi Jóhannsson, þáverandi umhverfissráðherra, aldrei viljað ræða hugmyndirnar. Allt bendi til þess að niðurstaðan hafi verið ákveðin fyrirfram og þeim Stefáni haldið skipulega utan við málið.

„Við höfum íhugað að kæra málsmeðferðina, enda sennilega brot á stjórnsýslulögum. En ég veit ekki hvort við nenum að standa í því,“ segir Björn.

Björn segist ekki geta samþykkt að eldi hreindýra á Íslandi hefði neikvæð áhrif á stöðu villta hreindýrastofnsins, og vísar til reynslu fjölmargra nágrannaþjóða þar sem eldi hefur viðgengist um langan aldur án vandræða. Á það við um Kanada, Grænland, Svíþjóð, Finnland og Noreg.

„Það er ekkert sem rökstyður það



**Á AUSTURLANDI** Óvissa um áhrif á náttúru landsins eru helstu rök nefndarmanna gegn eldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

að Ísland hafi þá sérstöðu miðað við þessi lönd að eldi komi ekki til greina hér,“ segir Björn.

Björn og Stefán Hrafn höfðu hugsað sér að ala hjörð sem gæfi bæði tækifæri í ferðaþjónustu, og til kjötnytja. Um tvö þúsund dýr yrðu alin á stóru landsvæði sem yrði girt af, og nefnir Björn Digranes og Langanes þar eystra til að gefa hugmynd um svæði sem þeir höfðu í huga – þó engir samningar hafi verið gerðir við landeigendur um slíka landnýtingu. Þó hafi áhugi landeigenda verið töluverður.

svavar@frettabladid.is

## → Farsælast að viðhalda núverandi stöðu

Niðurstaða starfshópsins í hnotskurn er sú að engin rök séu fyrir „hreindýraeldi eða stórfelldum hreindýrabúskap hér á landi í hreindýrahögum austanlands ef á sama tíma á að standa vörð um villtan stofn hreindýra í landinu“.

Líkur séu á útbreiðslu sjúkdóma og beitaráhrif óviss. Talið er „farsælast að viðhalda núverandi sjálfbærri nýtingu og vernd hreindýra á Íslandi“.



Pað er ekkert sem rökstyður það að Ísland hafi þá sérstöðu miðað við þessi lönd að eldi komi ekki til greina hér.

Björn Magnússon, fyrrverandi bóndi

## Viltu meðhöndla liðverkin án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing

150g

50% meira magni

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvetyláminu. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhring. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalísílsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalísílsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðöngu. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðöngu. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á atælkum aukaverkunum, t.d. á nyru. Við brjóstgjöf eða meðöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Markaðsleyfið hafi: Novartis Healthcare A/S. Umbóð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.



# Ferskur, ferskari... ferskastur?



Djús - nýkreistur úr úrvalsávöxtum 900 ml



- ✓ Engin aukaefni
- ✓ Enginn viðbættur sykur
- ✓ Aldrei unnið úr þykkni
- ✓ Kælivara



Barnasmoothie 180 ml



Smoothie 250 ml

Ekkert að sjá hér...  
nema ferska ávexti





## Mest aukning varð í sölu björkúta hjá Bruggsmiðjunni Kalda í fyrra: Kaldi hagnast um 27,4 milljónir

**VIÐSKIPTI** Bruggsmiðjan Kaldi hagnaðist um 27,4 milljónir króna á síðasta ári samanborið við 39,6 milljón króna hagnað árið 2013.

Hagnaðurinn árið 2013 skýrist að stórum hluta af gengishagnaði á erlendu láni sem nam 27 milljónum króna.

Rekstarhagnaður Kalda nam 57,5 milljónum króna árið 2014 en 49,5 milljónum króna árið áður. „Það var aukning í sölu, sérstaklega í kúta-sölu og það verður eins í ár,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir,

framkvæmdastjóri Bruggsmiðjunnar Kalda. Agnes segir að sala Kalda hafi aukist um 12 prósent milli ára.

Eignir Kalda nema 272 milljónum króna, skuldir 235 milljónum króna og eigið fé 36,6 milljónum króna. Handbært fé frá rekstri nam 40 milljónum króna í fyrra.

Agnes segir Kalda hafa stækkað og bætt við sig þremur nýjum fjögur þúsund lítra kútum á árinu. Því hafi afkastageta Bruggsmiðjunnar aukist úr 500 þúsund lítrum á ári í 650 þúsund lítra.



Í **VERKSMÍÐJUNNI** Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Kalda, segir rekstur fyrirtækisins ganga vel.

## Gjaldeyrishöft lögð á og bankar lokaðir

Allir bankar verða lokaðir Grikklandi til 7. júlí og Grikkir fá aðeins að taka út 60 evrur á dag. Fjármálaráðherra Bandaríkjanna ræddi á laugardag við frönsk og þýsk stjórnvöld auk AGS til að tryggja að Grikkland yrði enn innan evrusvæðisins.

**GRIKKLAND** Viðtæk gjaldeyrishöft voru lögð á í Grikklandi í gærkvöldi á neyðarfundi ríkisstjórnar Alexis Tsipras vegna fjármálakreppunnar þar í landi. Forsætisráðherra hafa neyðst til að mæla einnig fyrir lokunum banka til 7. júlí og kynna þjóðinni ný gjaldeyrishöft. Hann hvatti þjóð sína til að sína stillingu og fullvissaði grísku þjóðina um að innstæður hennar væru öruggar í grískum bönkum.

Tsipras var hins vegar harðorður í ávarpi sínu til þjóðarinnar í gærkvöldi og sakaði seðlabanka Evrópu og fleiri alþjóðastofnanir um að hindra lýðræðislega þjóðaratkvæðagreiðslu. Sagði hann starfsemi evrópska seðlabankans vera móðgun og smán við evrópskt lýðræði.

Bankar í Grikklandi verða lokaðir í dag, mánudag, til að verja þá áhlaupi grísku almennings. Grískir verðbréfamarkaðir verða einnig lokaðir. Grikkland og grískt bankakerfi býr við gríðarlegan lausafjáranda og kom fjármálastöðugleikaráð Grikklands saman í gær þar sem ákveðið var að verja bankana með þessum hætti.

Gríska þingið samþykkti á fundi sínum á laugardagskvöld að boða til þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur þær sem lánardrottinn Grikklands hafa sett fram. Atkvæðagreiðslan mun fara fram þann 5. júlí næstkomandi. Við það tækifæri sagði Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, í þingræðu



**ÁHLAUP** Grískur almenningur þvástur í hraðbanka í gær til að ná sér í evrur. Bankar í Grikklandi verða lokaðir á morgun til að verja þá áhlaupi.



**ALEXIS TSIPRAS**

að gríska þingið skuldaði næstu kynslóðum þessa þjóðaratkvæðagreiðslu. „Þjóðaratkvæðagreiðslan er spurning um heildur, von og lýðræði. Við skuldum börnunum okkar, næstu kynslóð og grísku þjóðinni þessa atkvæðagreiðslu svo hún geti áfram verið sjálfstæð,“ sagði Tsipras

Fjármálaráðherra Bandaríkjanna átti í samræðum á laugardag við þýsk og frönsk stjórnvöld, auk

AGS, þar sem hann hvatti ríkin til að búa svo um hnúta að Grikkir héldu áfram evrusamstarfi.

Langar biðraðir mynduðust í gær við hraðbanka í Grikklandi þar sem grískur almenningur flyktist að til að taka út evrur. Traust almennings á gríska bankakerfinu er sagt í algjöru lágmarki.

Almenningur flyktist út á götur Apenu í gærkvöld og mótmælti því sem þau kölluðu ofríki Evrópusambandsins. Var kallað eftir því í mótmælunum að Grikkir myndu hafna tillögum lánardrottna í þjóðaratkvæðagreiðslu og segja sig úr evrusamstarfinu.

sveinn@frettabladid.is

## Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra kynir nýja ríkisstjórn Danmerkur: Ný minnihlutastjórn er tekin við

**DANMÖRK** Auk Lars Løkke Rasmussen, nýs forsætisráðherra Danmerkur, eru í ríkisstjórn hans fimm konur og ellefu karlar ráðherrar. Ráðherrar eru þremur færri en í síðustu ríkisstjórn. Stjórnin er minnihlutastjórn Venstre, en varin vantrausti af öðrum hægriflokkum á danska þinginu.

Forsætisráðherrann kynnti stjórn sína og stefnumál eftir fund með Margréti Þórhildi Danadrottningu í gærmorgun. Meðal annars stendur til að marka nýja stefnu í innflytjendamálum sem dragi úr aðdráttarfla Danmerkur fyrir hælisleitendur. Eins stendur til að afnema rannsóknarnefnd sem sett var á laggirnar á síðasta kjörtímabili til að rannsaka aðild Danmerkur að Íraksstríðinu. Einnig vill Lars Løkke draga úr þróunaraðstöð.

Lars Løkke varð formaður Venstre þegar Anders Fogh Rasmussen hætti sem formaður



**NÝ STJÓRN** Lars Løkke Rasmussen og ríkisstjórn hans kemur út af fundi í Amalíuborgarhöll í gærmorgun.

ur og forsætisráðherra til að verða framkvæmdastjóri NATO. Hann var síðast forsætisráðherra fyrir tæpum fimm árum, en þá tapaði Venstre kosningum fyrir rauðu blokkinni og Helle Torning Schmidt tók við keflinu. Hún

sagði af sér eftir þingkosningarnar fyrr í þessum mánuði.

Danske Folkeparty, hægrisinnaður flokkur með sterkar skoðanir á innflytjendamálum varð stærri en Venstre í kosningunum en kys að standa utan ríkisstjórnar.

-sa, skó



**Mitsubishi**  
Pajero 3.2 Instyle

2012 **6.890.000** KR

86  
A  
4x4  
ID



**Mitsubishi**  
ASX 1.8 Instyle

2012 **3.290.000** KR

42  
H  
ID  
4x4



**Skoda Octavia**  
Combi TDI 1.6 AT

2011 **2.990.000** KR

77  
A  
ID



**VW Passat**  
Comfortline Ecofuel

2012 **2.950.000** KR

79  
ECO  
A



**Lexus**  
RX450H Exe Hybrid

2010 **5.940.000** KR

110  
A  
4x4  
B



**Volvo S80**  
D5 2400 AWD

2008 **3.990.000** KR

93  
A  
4x4  
A



**Subaru**  
Legacy Wagon S

2012 **3.350.000** KR

84  
A  
4x4



**Toyota Auris**  
1400 Terra Eco

2013 **2.720.000** KR

45  
H  
ID



**Hyundai i30**  
Comfort

2013 **2.890.000** KR

60  
A



**Ford KA**  
Trend Plus

2013 **1.490.000** KR

21  
H

Raf / Bensín

B

Ekinn þús. km.

30

Myndir á vef

☑

Dísil

ID

Fjór hjóladrif

4x4

Metan & bensín

ECO

Sjálfskiptur

A

Beinskiptur

H

Rafmagnsbíll

☺

Stór salur  
Stórt útisvæði

Lítill ákvörðun

**NOTAÐIR**  
**BÍLAR**

HEKLA

Klettháls 13 · HeklaNotadirBilar.is · 590 5040



Das Auto.



Audi



SKODA



MITSUBISHI  
MOTORS



# SAMSUNG

## 48" er vinsælasta stærðin

### Bein eða bogin - þín upplifun

Besta  
verðið



Samsung H5005

48" : 139.900.-



Samsung JU6675

48" : 239.900.-

Samsung JU6415

48" : 249.900.-



Samsung JU6515

48" : 279.900.-

Samsung JU7005

48" : 299.900.-



FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

## SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · samsungsetrid.is

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	--	--	--	---	--	------------------------------------



# Ætlaði að fyrirfara sér þrettán ára

Guðlaugur Bergmann hefur oft en einu sinni verið á þeim stað að vilja enda líf sitt. Fyrst þegar hann var þrettán ára gamall. Hann segir mikilvægt að opna á umræðuna og fyrir þá sem eru í þeim sporum að hafa sjálfsvígshuganir þá sé mikilvægt að leita sér aðstoðar.

Viktoría  
Hermannsdóttir  
viktor@frettabladid.is



„Góður vinur minn framdi sjálfsmorð þegar ég var sextán ára. Í raun og veru má segja að afleiðingarnar af því sem hann gerði fyrir fjölskyldu hans og vini, hafi bjargað lífi mínu oft en einu sinni,“ segir Guðlaugur Bergmann, sem hefur glímt við geðhvarfasýki og hefur vegna veikinda sinna oft íhugað að fremja sjálfsmorð.

Á morgun hefst átakið Út með það! sem er samstarfsverkefni Hjálparsíma Rauða krossins og Geðhjálp og snýr að því að vekja athygli á því samfélagsmeini sem sjálfsvíg ungra karlmanna er. Sjálfsvíg er algengasta dánarorsök ungra manna á aldrinum 18 til 25 ára og þeir eru fjórum sinnum líklegri til að svipta sig lífi en ungar konur.

Guðlaugur er þakklátur fyrir að hafa ekki gengið alla leið og vill segja sína sögu til þess að opna á umræðuna og mögulega hjálpa þeim sem kunna að vera í sömu sporum og hann hefur verið í. „Það er nefnilega alltaf von. Von á einhverju svo miklu betra, þegar fólk er í þessum aðstæðum þá er það ekki tengt raunveruleikanum og þess vegna vil ég meina að það taki enginn ákvörðun um að enda líf sitt. Ég held að þetta sé bókstaflega vitfirring,“ segir Guðlaugur.

Þegar hann var aðeins þrettán ára gamall ætlaði hann í fyrsta skipti að enda líf sitt. „Ég var búinn að skipuleggja það að fara inn í bílskúr, klára þetta með haglabýssu,“ segir hann alvarlegur. En þá mundi hann eftir sögu sem vinur hans hafði sagt honum. Af strák sem hafði framið sjálfsmorð og fjölskyldan hafi komið að honum. „Það var komið til að sækja líkið, en heilaslettur, blóðið og það allt skilið eftir og fjölskyldan þurfti að þrifa það. Ég

sá fyrir mér fjölskylduna mína koma að mér og þurfa svo að þrifa upp heilaslettur. Ég grét og gat þetta ekki. Það var það eina sem stoppaði mig,“ segir hann.

Guðlaugur segist alltaf hafa haft miklar sveiflur, farið langt niður og svo aftur upp. Í sveiflunum missir hann tengsl við raunveruleikann. Hann lýsir þeim tilfinningum, sem sækja að honum þegar hann fer langt niður, sem miklu vonleysi. „Allt verður tilgangslaust. Allt sem er í gangi í kringum þig verður réttlætning á því sem er í gangi í hausnum á þér. Maður sér ekki það góða. Þetta eru mismunandi útgáfur af því að líf þitt sé ekki eins og það á að vera og geti aldrei orðið það,“ segir hann.

Guðlaugur var greindur með geðhvarfasýki árið 2010. Áður hafði hann farið til sálfræðinga en ekki fengið greiningu á sjúkdóm sínum. Hvetur hann fólk til að leita sér aðstoðar þangað til komin er lausn í málið og gefast ekki upp fyrir. „Ef um líkamleg veikindi væri að ræða, eins og t.d. magaverk, þá myndir þú ekki hætta fyrir en þú værir kominn með meðferð við því.“

Guðlaugur segir það mikilvægasta vera að komast að því hver vandinn er, sætta sig við hann og reyna ekki að takast á við hann einn.

„Ég tala mjög opinskið við mína nánustu um þetta og í dag hef ég opnað mig um þetta við alþjóð. Það sem stoppar mig í dag er þéttofið net af fólki, ég er ekki að takast á við þetta einn. Jafnvel þótt ég fái annarlegar hugsanir þá átta ég mig á því í dag að þær eiga ekkert skylt við raunveruleikann. Þær eiga ekkert skylt við mig sem persónu. Það er sjúkdómurinn.“

Þetta er ekki það sem ég er að hugsa, þetta eru annarlegar hugsanir sem hafa stjórnað mér.“

Hann segir mikilvægt fyrir fólk að leita sér aðstoðar. Það sé alltaf von. „Þess vegna er svo nauðsynlegt að takast ekki



ALLTAF VON Guðlaugur vill minna á að það sé alltaf von og mikilvægt sé að fólk leiti sér aðstoðar fagfólks til þess að fá aðstoð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## STAÐREYNDIR UM SJÁLFSVÍG Á ÍSLANDI

- Sjálfsvíg er algengasta dánarorsök karlmanna á aldrinum 18 til 25 ára.
- Karlar eru þrisvar til fjórum sinnum líklegri en konur til að svipta sig lífi.
- Fjórir til sex ungar karlar stytta sér aldur á Íslandi á hverju ári.
- Að meðaltali falla 35 manns fyrir eigin hendi á Íslandi á hverju ári.
- Ríflega 100 manns eru lagðir inn á sjúkrahús vegna vísitandi sjálfsskaða á hverju ári.
- Fleiri konur en karlar eru lagðar inn á sjúkrahús vegna vísitandi sjálfsskaða.
- Alvarleg áföll, vímuefnaneysla, hvatvísi og ýmiss konar geðraskanir hafa verið tengd sjálfsvígum.
- Ríflega eitt símtal til Hjálparsíma Rauða krossins 1717 snýst um sjálfsvíg, eigið eða annarra, á hverjum einasta degi allan ársins hring.
- Símtöl til Hjálparsíma Rauða krossins 1717 um sjálfsvíg voru 42% fleiri fyrrihluta ársins 2015 heldur en fyrrihluta ársins 2014.

á við þetta einn og að geta talað um þetta yfir höfuð. Oft er erfðast bara að segja þetta, um leið og maður hefur sagt þetta upphátt þá missir það ákveðið vald og maður áttar sig á því hvað þetta eru fátíðlegar hugsanir. Ekki reyna að gera þetta einn. Ef

maður talar bara við sjálfan sig þegar maður er í þessu ástandi þá er sá sem er að ráðleggja mann ekki í snertingu við raunveruleikann. Ekki hætta fyrir en þú finnur lausn, það er til fullt af úrræðum og hægt að lifa góðu lífi sama hver ástæðan er.“

## → Út með það

Geðhjálp, hjálparsími Rauða krossins 1717 og 12 manna hlaupahópur taka höndum saman um að stuðla að því að fækka sjálfsvígum ungra karla undir yfirskriftinni Útmeða. Ungir karlmenn eru hvattir til að tjá sig um tilfinningar sínar til að hafna ekki í tilfinningalegu öngstræti með ófyrirséðum afleiðingum.

Tólf manna hópur hleypur í kringum landið til að vekja athygli á áttakinu og safna fé til að gera forvarnarmyndband. Lagt er upp frá húsnæði Rauða krossins við Efstaleiti í Reykjavík klukkan 9.30 í fyrramálið.

Heita má á hlauparana með því að hringja í símanúmerið 904-1500 og gefa þannig 1.500 krónur til átaksins. Minnt er á hjálparsímann 1717 og eru þeir sem glíma við sjálfsvígshuganir hvattir til þess að hafa samband.



## Garðsláttur.

FÁÐU GARÐSLÁTTINN Í ÁSKRIFT Í SUMAR.

Til fjölda ára hefur Garðlist þjónustað viðskiptavinum sínum með garðslátt í formi áskriftar. Við bjóðum upp á fjölmargar lausnir sem miða af viðhaldsbörf hværrar lóðar.

Hafðu samband, þetta gæti verið ódýrara en að kaupa sér nýja sláttuvél.



☎ 554 1989 🌐 www.gardlist.is

TRAUST ÞJÓNUSTA Í YFIR 20 ÁR

Frá því Garðlist ehf. var stofnað fyrir 26 árum síðan, höfum við haft það að leiðarljósi að veita framúrskarandi þjónustu fyrir garðinn á einum stað. Við þóttum þeim þúsundum einstaklinga, húsnæðis og fyrirtækja sem við höfum átt í viðskiptum við unandarin ár, á samann tíma og við bjóðum nýja viðskiptavinum hjartanlega velkomna.

**GARÐLIST**  
ALHLÍÐA GARÐÞJÓNUSTA  
Tunguháls 7 | 110 Reykjavík | 554 1989 | www.gardlist.is



Í HAFNAR-  
FJARÐAR-  
HÖFN Talað er um að veita hvalveiðingum Íslendinga náðar höggð.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

Avaaz safnar liði til höfuðs hvalveiðum Íslendinga:

## Vilja láta kyrrsetja hvalkjöt Hvals hf.

**UMHVERFISMÁL** Náttúruverndarsamtökin Avaaz – World in Action hafa hrint af stökkunum undirskriftasöfnun til að aftra för flutningaskipsins Winter Bay. Skipið er fulllestað hvalkjöti frá Hval hf., en vel ríflega 160.000 manns höfðu skrifað undir um hádegi í gær. Alls er 41 milljón manna skráð notendur að heimasíðu samtakanna.

Í skýringum við söfnunarátakið er tekið fram að ráðast skuli gegn hagsmunum eyríkisins St. Kitts and Nevis í Karíbahafi, en skipið siglir undir fána þess. Þar er tekið fram að ferðaþjónusta sé hryggjar-

stykkið í efnahagslífi landsins og árangri megi ná með því að sverta ímynd landsins út á við.

Söfnuninni er beint að Timothy Harris, forsætisráðherra landsins, og þess krafist að skipið sé svipt fánanum og það með því móti kyrrsett.

Kristján Loftsson, forstjóri Hvals hf., er nefndur á nafn og sú staðreynd að skip hans halda brátt til veiða. Fullyrt er að rekstur Hvals sé rekinn á núllinu og knésetja megi fyrirtækið með því að koma í veg fyrir sölu hvalaafurðanna í Japan.

-shá



## Umsókn um leyfi samþykkt: Kapólsk kirkja rís á Reyðarfirði

**MENNING** Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd Fjarðabyggðar hefur samþykkt umsókn Kapólsku kirkjunnar á Íslandi um byggingu á Reyðarfirði.

Umsóknin var samþykkt á fundi nefndarinnar á mánudag og því beint til skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins að gefa út leyfi þegar öll tilskilin gögn lægju fyrir.

Byggingarnar eru tvær, 116 og 411 fermetrar og eru hannaðar af Kristni Ragnarssyni. - snæ

Átak var gert gegn pyntingum á Filippseyjum á alþjóðlegum degi gegn pyntingum fyrir helgi:

## Leyfðu fólki að prófa ólukkuhjól pyntinga

**MANNRÉTTINDI** „Í fyrra fannst lukkuhjól í filippínsku fangelsi sem átti að auðvelda fangavörðum að velja pyntingaraðferðir,“ segir Anna Lilja Ægisdóttir, formaður ungliðahreyfingar Íslandsdeildar Amnesty International. „Við erum með svip að hjól.“

Fyrir helgi var alþjóðlegur baráttudagur gegn pyntingum og stóðu Amnesty international og ungliðahreyfingin fyrir pyntingaaðgerð á Austurvelli til að minna Íslendinga á alþjóðlega baráttu gegn pyntingum.

Um helgina voru svo fulltrúar hreyfinganna í Kringlunni til að vekja athygli á málefnum.

Anna segir allra grófustu pyntingarnar þó ekki hafa staðið til boða á hjólinu. Fólki hafi engu að síður boðist að prófa á eigin skinni vatnsþyntingar og það sem kallað er *stress position*.



ANNA LILJA ÆGISDÓTTIR

Áherslan að þessu sinni var á pyntingar á Filippseyjum, en ungliðahreyfing Amnesty International safnaði undirskriftum vegna máls Dave Enriquez, þroskaskerts drengs, frá Filippseyjum sem sætti pyntingum eftir að hafa verið ásakaður um að stela tveimur hönum.

„Dave og fjölskylda hans kærðu málið en enginn hefur verið dreginn til ábyrgðar vegna þess. Þetta er langt frá því að vera eina tilfellið í Filippseyjum þannig að við vildum vekja sérstaka athygli á þessu.“ - srs



**VATNSÞYNTING** Ungliðahreyfing Amnesty bauð á fimmtudag upp á pyntingar í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ



**HAGSTOFAN** Alls voru 766 fyrirtæki tekin til gjaldprotaskipta frá júní 2014 til maí 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Einkahlutafélögum fjölgar: Færri félög verða gjaldþrota

**HAGSTOFAN** Gjaldþrot einkahlutafélaga síðustu tólf mánuði, frá júní 2014 til maí 2015, hafa dregist saman um níu prósent samanborið við mánuðina tólf þar á undan.

Alls voru 766 fyrirtæki tekin til gjaldprotaskipta á tímabilinu. Gjaldþrotum í flokknum „flutningar og geymsla“ hefur fækkað mest. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.

Þá hefur nýskráningu einkahlutafélaga, á sama tímabili, fjölgað um tólf prósent samanborið við tólf mánuði þar á undan. Alls voru 2.165 ný félög skráð á tímabilinu. Mest er fjölgun nýskráninga í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð. - ngy



**AKUREYRI** Heilbrigðiseftirlitið biður fólk að forðast sjóþöð og busl í Pollinum að sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

## Saurgerlasýni tekin að nýju: Pollurinn aftur yfir mörkum

**AKUREYRI** Magn saurgerla í Pollinum á Akureyri við athafnasvæði siglingaklúbbsins Nökkva, í sýnum teknum 23. júní, fóru aftur nokkuð yfir viðmiðunarmörk. Heilbrigðiseftirlitið beinir þeim tilmælum til forsvarsmanna klúbbsins og almennings að forðast sjóþöð og busl í vfkinni þar til aðrar niðurstöður liggja fyrir.

Fréttablaðið greindi frá því að magn saurgerla við höfnina hafi í mánuðinum mælst 800 falt yfir viðmiðunarmörkum. Viðmiðið er 100 gerlar í hverjum hundrad millilítrum af sjó. Nú sýndu mælingar 350 gerla hverjum 100 millilítrum sem er nokkuð yfir mörkum. - sa

## LÖGREGLUMÁL

### 17 á 150 kílómetra hraða

Sautján ára piltur var gripinn á 150 kílómetra hraða á Miklubraut á laugardagskvöld. Samkvæmt upplýsingum lögreglu hafði pilturinn bara haft ökuleyfi í einn mánuð. Þá var sextán ára ökumaður stöðvaður um hálf fjögur aðfaranótt sunnudags, en sá reyndist bara hafa próftökuheimild, en ekki ökuleyfi. Honum var skutlað heim.



## Veglegir verðlaunagripir frá Bosch.

Styline smátækin frá Bosch búa yfir frábærri tækni og einstaklega falgri hönnun, enda hafa þau fengið toppinkunn frá mörgum virtustu neytendasamtökum á Norðurlöndum ásamt virtum hönnunarverðlaunum á borð við „reddot“ og „If design award“.

Bosch er þýskt vörumerki með áratuga reynslu og eru Bosch heimilistækin þau mest seldu í Evrópu.



### Safapressa

MES 20A0  
Pressar bæði ávexti og grænmeti. Öflugur mótur. 700 W. Stórt áfyllingarrör fyrir heila ávexti. Safakanna skilur froðuna frá. Auðveld í þrífum. Hlaut hæstu einkunn hjá Wise Guide og Magasin.

Verð: 23.600 kr.



### Hrærivél

MUM 52120  
Falleg og þýðgeng. 700 W mótur. Fjórar hraðastillingar og ein púlsstilling. Skál úr ryðfri stáli, tekur 3,9 lítra. Blandari og grænmetisvörn. Auðveld í þrífum. Ánægja eða endurgreiðsla: Ef vélin stenst ekki væntingar þínar geturðu skilað henni innan 60 daga og fengið hana endurgreidda.

Verð: 56.200 kr.



### Hraðsuðukanna

TWK 8611  
Traust kanna sem tekur 1,5 lítra af vatni. Mögulegt að velja hita. Heldur heitu í allt að 30 mínútur. Einungis er hægt að setja könnuna í gang þegar lok er niðri. Botn úr ryðfri stáli. Hús úr hitaþolnu efni. Slekkur sjálfkrafa á sér þegar kannan hefur náð völdum hita.

Verð: 16.500 kr.



### Handþeytari

MFQ 4020

450 W. Fimm hraðastillingar og ein púlsstilling. Þægilegt handfang með mjúku gripi. Einstaklega hljóðlátur handþeytari.

Verð: 11.700 kr.



### Brauðrist

TAT 8611

Einstaklega falleg brauðrist sem sómir sér vel í hverju eldhúsi. 860 W. Nýtt hitald sem tryggir jafna ristun. Rafeindastýrð hitastilling. Tekur tvær venjulegar brauðsneiðar. Brauð lyftist vel upp úr brauðristinni með „Hi-lift“. Þiðingaraðgerð. Minnisáðgerð. Öryggi: Gætt þess að brauð festist ekki. Losanleg mylsnuskúffa. Hefur hlotið virtu hönnunarverðlaunin reddot og IF design award.

Verð: 15.900 kr.



### Matvinnsluvél

MCM 4100

800 W mótur. Hrærir, þeytir, brytjar, raspar, tættir og sker. 2,3 lítra skál. Fylgihlutir: 1,25 lítra blandari, fjölnota hnifur, þeytari, hnoðari úr plasti, rifjárn og sítrónupressa.

Verð: 26.900 kr.

# BOSCH

# - B Ú Ð I N -

Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090

www.bosch.is

Opið virka daga frá kl. 11 - 18.



Óviðunandi afkoma aldraðra á Íslandi:

## Vont og verst

**Vont er að láta leiða sig, leiða og neyða. Verra er að láta veiða sig, veiða og meiða. Vont er að vera háð, verst er að lifa af náð. Gott er að vera fleyg og fær frjáls í hverju spori. Sinnið verður sumarblær, sálin full af vori.**

Þetta kvæði orti Ólöf Sigurðardóttir frá Hlöðum og það birtist í kverinu Nokkur smákvæði árið 1913. Fyrir rétt rúmum hundráð árum þá hugsaði Ólöf sem svo að vont væri að vera háð, verst að lifa af náð. Síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar á Íslandi og margt er í dag betra en var. Miklu betra. Það er engin þörf á að rekja það nánar. Það segir sig sjálf.

En það að stór hluti þjóðarinnar sé nú fleygur og fær / frjáls í hverju spori er ekki sjálfsprottið náttúrulögmál. Fyrir því var barist og það kostaði fórnir. Þá baráttu háðu eldri kynslóðir Íslendinga og þær færðu þær fórnir. Þannig hefur það löngum verið og það er ekki svo að nokkur hafi talið eftir sér verkin af þeim kynslóðum sem nú eru gengnar eða þeim sem nú falla í flokk eldri borgara og ellilífeyrisþega. Takk.



Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is

Það er því okkur sem yngri erum til lítils sóma að mörg þeirra sem eldri eru séu í dag í þeirri stöðu að vera öðrum háð og lifa af náð. Fjölmargir aldraðir á Íslandi eru í þeirri stöðu að sá lífeyrir sem þeir hafa milli handanna er mun minni en svo að hægt sé að framfleyta sér með sómasamlegum hætti. Langt því frá. Það er óviðunandi með öllu að eldri borgarar þjóðarinnar séu háð afkomendum (þau sem þá eiga) eða hjálparstofnunum um að framfleyta sér frá degi til dags. Þessu þurfum við að breyta.

Ríkisstjórn sem hafði frá fyrsta degi það yfirlýsta markmið að aldraðir skuli njóta öryggis og velferðar getur ekki lengur látið við svo búið að kynslóðir sem sköpuðu velsæld komandi kynslóða búi við svo kröpp kjör sem raunin er í fjölda tilvika. Ríkisstjórn sem hafði frá fyrsta degi það yfirlýsta markmið að hefja íslenska þjóðmenningu til vegs og virðingar þarf að gefa sér stund til þess að kynna sér vísuna sem er að finna í íslenskri þjóðmenningu og læra af fyrri kynslóðum. Og ef snilld Ólafar frá Hlöðum er þeim ekki að skapi þá er alltaf hollt að muna þau orð Halldórs Laxness að „ekkert er til sem getur bætt fyrir ranglæti framið við gamalt fólk á Íslandi“.

Láti ríkisstjórnin verða af því að fylgja eftir sínum stefnumálum og gera sómasamlega við íslenska eldri borgara má svo lofa ríkisstjórninni allri að sinnið verði sem sumarblær og sálin full af vori.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Mamma sendi út fundarboð**  
Ekki er ofsögum sagt að samvinna minni- og meirihluta í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar sé lítil. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar lagði til á fundi sínum síðasta miðvikudag að fara í sumarfrí í tvo mánuði. Ekki leið að löngu þar til ákveðið var að boða til auka-bæjarstjórnarfundar í skyndi til að segja upp fólk, auka skilvirkni og ákveða að setja reglur um samskipti bæjarfulltrúa við starfsmenn bæjarins. Ritari bæjarstjórnar eða bæjarritari sendir oftast nær út formlegt fundarboð í bænum til bæjarstjórnarmeðlima með fundargögnum. Svo var ekki í þessu tilviki. Fundarboðið var sent út af móður Rósu Guðbjartsdóttur, formanns bæjarráðs Hafnarfjarðar.

**Kerfisflokknum ekki haggð**  
Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, var gestur Sigurjóns M. Egilssonar í þættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær. Í samtali þeirra kom fram að það væri mat Árna Páls að Samfylkingin ætti ekki að vera kerfisflokkur eða einn af fjórflokkunum. Einnig sagðist hann hafa viljað allsherjaratkvæðagreiðslu um formann flokksins eftir að hafa unnið Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur með einu atkvæði á síðasta landsþingi flokksins. Ástæða þess að það hafi ekki verið hægt var víst sú að lög flokksins banna það. Flokkurinn er sem sagt of mikill kerfisflokkur en formaðurinn getur ekki breytt eign flokki.

**Einstigi að afsögn**  
Í þættinum jós hann einnig lofi á fyrrverandi forsætisráðherra Danmerkur og formann danskra jafnaðarmanna. Helle Torning Schmidt, sem sagði af sér fyrir skömmu. En að sama skapi sagði hann það angra sig að fólk treysti honum ekki og sagði það skipta mestu máli að flokknum sínum gengi vel. „Þetta hefur aldrei snúist um mig heldur hugmyndir,“ sagði Árni Páll í þættinum. Að margra mati þræddi formaðurinn einstigi að þeirri röksemdafærslu að hann sjálfur ætti að stíga til hliðar, líft og vinkona hans í Danmörku gerði. sveinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



## Jafnrétti er viðskiptataækifæri

### JAFNRÉTTI



Birna Bragadóttir starfsþróunarstjóri Orkuveitu Reykjavíkur



Sunna Valgerðardóttir samskiptasérfræðingur hjá Orkuveitu Reykjavíkur

Stundum er augljóst hverju jafnréttisbarátta á að skila. Það er augljóst af hverju það á að segja frá kynferðisofbeldi. Af hverju konur eiga að fá jafnhá laun og karlar fyrir sömu vinnu. Og það er augljóst af hverju sömu tækifærin eigi að gilda um bæði kynin. Það er jafnrétti.

Það er nauðsynlegt að minna sig á, til að missa ekki sjónar á tilganginum.

### Sóun á hæfileikum

Hvers vegna þarf að fjölga kvenkyns stjórnendum? Hvers vegna þarf að jafna kynjahlutföllin í atvinnugreinunum? Þetta eru eðlilegar spurningar. Það er hægt að færa rök fyrir því að hlutirnir hafi gengið ágætlega hingað til.

Fiskur kemur úr sjónum þó að hann sé bara veiddur af körlum. Börnin koma í heiminn og rölta sín út af leikskólunum þó að þau hafi nær alfarið verið í höndum kvenna. Rafmagníð kemur í húsin þó að lagnirnar séu lagðar af körlum. Ferðamenn fá þjónustu um borð þó að fáir séu flugþjónarnir. Og fyrirtækin skila hagnaði þó að í framkvæmdastjórnunum sitji oftast karlar.

Til hvers að breyta þessu? Vegna þess að skortur á aðgangi að hæfu fólk er vandamál í mörgum atvinnugreinum og staðalmyndir og kynskiptur vinnumarkaður eykur þann vanda um helming. Ungt fólk

→ Jafnrétti næst ekki nema þeir sem ráða taki af skarið. Þeir þurfa að forgangsráða og framkvæma.

þarf að sjá þá möguleika sem standa til boða og velja nám og starf út frá áhuga og styrkleikum en ekki kyni.

### Blandað er betra

Orkuveita Reykjavíkur hefur unnið markvisst að því að auka jafnrétti á vinnustaðnum. Kynbundnum launamun hefur verið eytt, hlutfall kvenkyns stjórnenda er komið í 42% og markvisst áttak var sett af stað til að fjölga stelpum í iðnnámi. Starfræktar eru jafnréttisnefndir innan allra dótturfyrirtækja OR.

Einungis 12% grunnskólanema fara í starfsnám og þar af eru stelpur lítið brot. Atvinnulífið þarf að ávarpa þann vanda sem blasir við og breyta ímynd atvinnugreinnanna til að auka áhuga beggja kynja.

Jafnrétti næst ekki nema þeir sem ráða taki af skarið. Þeir þurfa að forgangsráða og framkvæma. Blandaðir vinnustaðir eru betri og skemmtilegri. Kynferðisleg áreitni og einelti er mun minna og umræðan heidarlegri.

Góðir vinnustaðir laða til sín hæft fólk og hæft fólk skilar mestum árangri. Það er viðskiptataækifæri í jafnréttinu.



# Að skapa sér nafn

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Á Íslandi virðist það litlum vandkvæðum bundið að skipta um kennitölu, ekki síst þegar kemur að skuldadögum, en þrautin þyngri að breyta um nafn. Ætti þetta ekki að vera öflugt?

### Fingrafar í stjórnsýslunni

Við getum skilið að viss festa þurfi að ríkja í samskiptum einstaklinganna við hið opinbera. Við þurfum að hafa okkar fingrafar í stjórnsýslunni, það þarf að vera hægt að finna okkur – en er ekki kennitölukerfið til þess? Hvers vegna í ósköpunum fá menn annars að skipta um kennitölu í því skyni að hlaupast undan skuldum sínum og skyldum? Hvar í veröldinni er jafn frjálst löggefi um eignarhaldsfélög og hér eða beitt jafn markvisst af óreiðumönnum til að hlunnfara annað fólk og samfélagið? Ætti kennitalan ekki að vera óbreytanleg um aldur og ævi þegar hún er einu sinni komin á skrá hjá hinu opinbera? Við leggjum ekki mikið upp úr kennitölu, svona til að tjá okkur. Ætli það séu aðrir en alvörudustu kabbalistar sem myndu vilja tjá sig og persónu sína með kennitölu – og engin sjáanleg ástæða til að vilja hrófla við henni, nema þá sú að skilja annað fólk eftir í einhverri vondri súpu.

Við höfum fylgst með stríði Jóns

Gnarr við Þjóðskrá þar sem þessi einstaklingur hefur barist fyrir því að hið opinbera fallist á að hann sé skráður undir sínu þjóðþekkta nafni. Árið 2005 fékk hann nafnið Gnarr viðurkennt sem millinafn og er skráður þannig í Þjóðskrá. Nú vill hann fella niður föðurnafnið en Þjóðskrá situr við sinn keip. Deilan virðist snúast um það hvort hið opinbera eigi að standa vörð um þá aldalöngu hefð hér á landi að börn skuli kennd við föður eða móður, en ekki hafa fast ættarnafn eins og tíðkast víða – og KSÍ virðist halda að tíðkast hér, eins og sést á nöfnum leikmanna landsliðanna á bolunum þar sem Sigurvinsson og Sigursteinsdóttir teygja sig yfir bakið á keppendum í stað þess að þar standi einfaldlega Ása eða Andri.

Stendur þetta kerfi og fellur með því hvort Jón Gnarr fái skráð í gluggapóstinn sinn þá nafn sem hann og þjóðin öll notar? Það er nú það. Ég man eftir því þegar Þorgeir Þorgeirson – með einu essi – afnam annað essið sitt í kjölfar þess að nokkur ljóð eftir alnafna hans, lækni á Akureyri, höfðu birst í Tímariti Máls og menningar og fólk fór að hrósa Þorgeiri fyrra fyrir ljóðin, honum til nokkurrar skapraunar. Á endanum held ég að það hafi verið Davíð Oddsson þáverandi Hagstofuráðgjafi, sem lét undan þrákelkni Þorgeirs í þessu máli, enda var Davíð á þeim árum oft skilningsríkari á dynti vinstri sinnaðra skálda en margur stjórnmálamaðurinn á vinstri kanti, en sagan segir að skrifarnir hjá Þjóðskránni hafi náð að hefna sín þegar Þorgeiri var sendur úrskurðurinn um að hann fengi að vera skráður með einu essi: þá

var nafnið utan á umslagið skrifað með tveimur essum.

Hefur þetta orðið regla síðan? Að menn skrifi föðurnöfn sín með einu essi? Reyndar ekki. Þetta var undantekningartilvik og undantekningin gerð fyrir mann sem var lofsverð undantekningin í mannlegu samfélagi.

### Frá hinu opinbera ...

Barátta Jóns Gnarr fyrir viðurkenningu hins opinbera á nafni sínu minnir raunar á baráttu annars undantekningarmanns – Helga Hóseossonar, sem löngum stóð á Langholtsveginum eins og upphrópunarmerki í samfélaginu, og vildi rifta sjálfum skírnaðmálum, og fá það skráð í Þjóðskrá en fékk ævinlega þau svör frá hinu opinbera að það væri ekki hægt. Þegar slíkur sáttmáli hefði einu sinni verið gerður væri ekki hægt að afgera hann. Þessi guðfræðilega dispútasía sérlundaðs trésmíðs og Þjóðkirkjunnar stóð árum saman og fór sjálfsagt fyrir ofan garð og neðan hjá okkur flestum sem ekki berum skynbragð á þessa hluti – en viðbrögð hins opinbera við málaletunum Jóns Gnarr eru dálítið svipuð viðbrögðum Þjóðkirkjunnar, varnarhættir og veggjasmíði: nei, það er ekki hægt, nei, við erum ekki von að hafa þetta svona, nei þá gengur ekki – nei.

Látið er eins og upphafleg nafngift sé svo endanleg og klöppuð í stein að vonlaust sé með öllu að verða við málaleitan um að breyta henni.

En þetta er bara nafn. Þetta ætti ekki að vera stórmál nema fyrir þann sem ber nafnið. Og í tilvikum Jóns Gnarr: Hann hefur skapað sér

Ef við treystum fólki fyrir börnum á annað borð, til að ala þau upp, næra þau og klæða og koma þeim til manns, þá hljótum við að treysta þeim líka til þessa að gefa þessum börnum nafn.

nafn. Og á skilið að fá viðurkenningu samfélagsins fyrir það. Það er ekki hagsmunamál samfélagsins að hann eigi að vera skráður í Þjóðskrá með nafni sem hann telur ekki sitt nafn.

Og almennt talað um nafngiftir: ef við treystum fólki fyrir börnum á annað borð, til að ala þau upp, næra þau og klæða og koma þeim til manns, þá hljótum við að treysta þeim líka til þessa að gefa þessum börnum nafn. En þá þarf fólk líka að muna að þegar maður gefur barni nafn er maður ekki að tjá sig heldur er maður að tjá það. Nafngiftir eru ekki heppilegur farvegur fyrir fólk að fá útrás fyrir listræna drauma; nema þá eigin nafngiftir. Kannski er kominn tími til að hætta að líta á nafngiftir sem úrlausnarefni fyrir málfræðinga. Afstýrmiðleg nöfn ættu frekar að koma til kasta barnaverndaryfirvalda en að einblínt sé á það hvort þau samræmist íslenskum beygingareglum og „nafnavenjum“.

En þegar gosarnir mæta til að skipta um kennitölu og stofna nýtt eignarhaldsfélag utan um svonefndar eignir en láta fyrra félagið gossa með sínum skuldunautum – þá má gjarnan taka á móti þeim einhver „computer-says-no“-þvergirðingur.

## AF NETINU

### Skrítnasta samsuðan



Reykjavíkurbreif Morgunblaðsins eru einhver skrítnasta samsuða sem sjá má í íslenskum fjölmiðlum. Líklega myndi ekkert blað í heiminum sem tekur sig alvarlega birta svona ritstjórnarskrif.

Í Reykjavíkurbreifi helgarinnar eru Sjálfstæðismenn húðskammaðir vegna flugvallarmálsins – og sagt er að þeir barasta vilji ekki meira fylgi. Sem þá væntanlega væri í boði ef flokkurinn tæki harða afstöðu í málinu. En vandinn er sá að flugvallarmálið er ekki flokkspólitískt. Menn geta haft ýmsar skoðanir á því – hvar sem í flokki þeir standa.

<http://eyjan.pressan.is/silfuregils>  
Egill Helgason

### Bókstafstrú er óboðleg



Morðárásirnar í Frakklandi, Túnis og Kúveit snerta mig djúpt. Ég lærði í Lyon og fór í sumarfrí með konu og börn til Sousse í Túnis.

Það er mikilvægt að fordæma ekki íslam; við fordæmum ekki skóginn, þó við finnum laufblað fölnað eitt. Fyrir múslima er ekkert annað í boði en að viðurkenna eins og kristnir menn að túlka þarf helgiritin að hætti nútímans, eða segja sig ella úr samfélagi síðaðs fólks- bókstafstrú er ekki í boði í vestrænum samfélögum og raunar hvergi.

<http://facebook.com/arni.snaevarr>  
Árni Snævarr

# Hjólað fyrir betri geðheilsu

Um 1.000 manns hjóluðu hringinn í kringum landið til styrktar uppbyggingu Batamiðstöðvar á Kleppi í Wow Cyclothoni. Þetta er ómetanlegt framtak hjá Wow sem mun auka lífsgæði fjölda einstaklinga með geðsjúkdóma hér á landi.

## HEILBRIGÐIS-MÁL



María Einisdóttir framkvæmdastjóri Geðsviðs Landspítala

→ Það er erfiðara að vera fordómfullur þegar maður er upplýstur og því er fræðsla og umræða öflugasta vopnið gegn fordómum.

deildum sækja þangað þjónustu.

### Risastórt afrek

Markmið Batamiðstöðvar er að hjálpa fólki að auka lífsgæði sín, lífa innihaldsríku lífi þrátt fyrir alvarleg sjúkdómseinkenni. Í sumum tilvikum er lækning ekki möguleg og þá snýst þetta fyrst og fremst um að auka lífsgæði þrátt fyrir veikindin. Áherslan er á að hjálpa fólki að finna þau verkfæri sem það getur notað til að lágmarka sjúkdómseinkennin. Batamiðstöðin mun styðja fólk til að taka sjálft ábyrgð og stjórn á eigin lífi þrátt fyrir mikla erfiðleika og ekki síður að gefa því von um aukin lífsgæði hvað sem ein-kennum sjúkdóma þess líður.

Fólk með geðsjúkdóma hefur alla tíð mætt fordómum. Með átaki sem þessu og einnig þegar Á allra vörum safnaði fyrir nýrri bráðageðdeild erum við að opna umræðuna og vekja athygli á málaflokknum. Það er erfiðara að vera fordómfullur þegar maður er upplýstur og því er fræðsla og umræða öflugasta vopnið gegn fordómum. Þessi stóri viðburður vinnur ekki síður á fordómum og verður slíkt aldrei metið til fjár. Fyrir hönd Geðsviðs Landspítala þakka ég af alhug Wow, öllum hjólaðum sem lögðu á sig þetta erfiði og þeim sem styrktu söfnunina. Þið hjóluðu fyrir betri geðheilsu landsmanna og minni fordómum í samfélagi okkar. Það er risastórt afrek.

# Kynningarfundir vegna nýgerðra kjarasamninga



Félag iðn- og tæknigreina verður með kynningarfundum vegna nýgerðra kjarasamninga á eftirtöldum stöðum:

### Reykjavík:

Mánudaginn 29. júní kl. 20.00  
Borgartúni 30, (6. hæð)

### Akranesi:

Þriðjudaginn 30. júní kl. 17.00  
Jónsbúð

### Reykjanesbæ:

Þriðjudaginn 30. júní kl. 20.00  
Krossmóa 4, (5. hæð)

### Vestmannaeyjum:

Miðvikudaginn 1. júlí kl. 12.00  
Kaffi Kró

### Árborg:

Miðvikudaginn 1. júlí kl. 20.00  
Austurvegi 56, (3. hæð)





## MERKISATBURÐIR



- 1632** Gísli Oddsson er kjörinn Skálholtsbiskup,
- 1802** Fyrsti dómur Landsyferréttar er kveðinn upp.
- 1880** Frakkland innlimar Tahiti.
- 1941** Flutningaskipinu Heklu er sökkt á leið sinni frá Íslandi til Bandaríkjanna.
- 1952** Ásgeir Ásgeirsson er kjörinn forseti Íslands.
- 1974** Isabel Peron verður fyrsti kvenforseti Argentínu.
- 1975** Steve Wozniak prufukeyrir fyrstu frumgerðina af Apple I tölvunni.
- 1976** Seychelles-eyjar fá sjálfstæði frá Bretlandi.
- 1996** Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn forseti Íslands.
- 2006** Konur fá kosningarétt í Kúveit.

## PETTA GERÐIST: 29. JÚNÍ 1980

# Vigdís Finnbogadóttir forseti fyrst kvenna

Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands, fyrst kvenna, á þessum degi árið 1980. Hún varð um leið fyrsta konan í heiminum til að verða lýðræðislega kjörin þjóðhöfðingi.

Mótframbjóðendur Vigdísar í kosningunum voru þeir Guðlaugur Porvaldsson, Albert Guðmundsson og Pétur J. Thorsteinsson.

Svo fór að lokum að Vigdís hlaut 33,8 prósent atkvæða, rétt meira en Guðlaugur

sem hlaut 32,3%. Á þeim munaði rétt tæpum tvö þúsund atkvæðum í heildina.

Albert og Pétur komu nokkru á eftir. Albert hlaut 19,8 prósent atkvæða og Pétur 14,1.

Vigdís var fjórði forseti Íslands og gegndi hún embætti allt þar til 1996 þegar Ólafur Ragnar Grímsson tók við. Sama ár var henni



veittur stórkross Hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín í þágu íslensku þjóðarinnar.

Fyrsta skóflustungan að nýbyggingu fyrir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum við Háskóla Íslands var tekin í mars síðastliðnum. Byggingin mun rísa á horni Suðurgötu og Brynjólfsögðu í Reykjavík.

- þea



## 70 ára afmæli Kristján Sigurðsson

Kæru ættingjar, vinir og félagar.

Í tilefni sjötugsafmælis Kristjáns verður opið hús hjá Rafal að Hringhelli 9, Hafnarfirði, þann 4. júlí nk.

Stuðið hefst kl. 19.30 og verður fram á nótt.

Veislustjóri verður hinn landsþekkti Jóhannes Kristjánsson.

Það væri okkur mikill heiður ef þið, ásamt mökum, sjáið ykkur fært að mæta. Í boði eru léttar veitingar og fjölbreytt skemmtun.



**BARÁTTUKONA** Pórlaug Ágústsdóttir ætlar á vinnustofu í Harvard til að finna lausnir gegn kynbundnu ofbeldi á netinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Boðið á vinnustofu í Harvard-háskóla

Pórlaug Ágústsdóttir er á leið til Bandaríkjanna á vinnustofu í Harvard Háskóla. Vinnustofan snýst um ofbeldi gegn konum á internetinu. Fjöl margir sækja vinnustofuna og er gestalistinn leynilegur. Pórlaug er einnig kaftinn Pírata í Reykjavík.

Pórlaug Ágústsdóttir, kaftinn Pírata í Reykjavík, er á leiðinni til Bandaríkjanna um mánaðamótin til að taka þátt í vinnustofu á vegum stofnunarinnar Berkman Center for Internet and Society. Stofnunin er hluti af hinum víðfræga Harvard-háskóla.

„Vinnustofan snýst um ofbeldi gegn konum á netinu. Það verður farið yfir rannsóknir á sviðinu og lagalegu hliðina. Málið verður tekið frá A til Ö. Lög-gæslu og forvarnarsjónarmið verða skoðuð sem og samræðugreining,“ segir Pórlaug.

„Einnig skoðum við hvernig hugbúnað og tækni er hægt að setja upp og tækni til að koma í veg fyrir að svartir ofbeldisblettir myndist,“ bætir hún við.

Valið er inn á vinnustofuna og taka

þar þátt fræðimenn, tækniblaðamenn og aðgerðasinnar sem eiga það sameiginlegt að þekkja vel inn á ofbeldi á internetinu.

Pórlaug er í þeirra hópi. „Ég er búin að vera í dálítinn tíma í aktivistahópi á netinu sem inniheldur fræðimenn og aktivista um mannréttindi og mikið af þessu fólki er að taka á kynbundnu ofbeldi, til dæmis hrelliklámi,“ segir Pórlaug, en hún fékk boð á vinnustofuna vegna baráttu sinnar.

Pórlaug er ekki ókunn kynbundnu ofbeldi á netinu en hún knúði fram opinbera afsökun frá samfélagsmiðlinum Facebook fyrir að hafa ekki tekið niður mynd af Pórlaugu sem var hlaðið inn á síðu hóps sem kallaðist Karlar eru betri en konur. Yfirskriftin „konur

**“Vinnustofan snýst um ofbeldi gegn konum á netinu. Það verður farið yfir rannsóknir á sviðinu og lagalegu hliðina. Málið verður tekið frá A til Ö.**

Pórlaug Ágústsdóttir, kaftinn Pírata í Reykjavík

eru eins og gras, það þarf að slá þær reglulega,“ var á myndinni.

Auk baráttu sinnar gegn kynbundnu ofbeldi á internetinu er Pórlaug áheyrnarfulltrúi Pírata í mannréttindaráði Reykjavíkurborgar.

thorgnyr@frettabladid.is

†  
Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**BIRNA HELGA INGIBJÖRG BENEDIKTSDÓTTIR**  
frá Barkarstöðum, Miðfirði,  
til heimilis að Dalbraut 27, Reykjavík,  
lést á bráðamóttöku Landspítalans Fossvogi 20. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk þjónustuiðbúðanna að Dalsbraut 27 fyrir umönnun, alúð og nærgætni.

**Benný Þórðardóttir**  
Hjördís Kristinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Páll Sigurðsson**  
Haraldur Geir Hlökkversson



†  
Frænka okkar,  
**GUÐBJÖRG MAGNÚSDÓTTIR THORARENSEN**  
sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 21. júní, verður jarðsöngin frá Þorlákaskirkju í Þorlákshöfn fimmtudaginn 2. júlí kl. 14.00.

Fyrir hönd fólkskyldunnar,  
Sigríður Stefánsdóttir, Ragnar Danielsen, Magnús Danielsen



†  
Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**PÓRGUNNAR ÞORGRÍMSDÓTTUR**  
Seljalandi 7, Reykjavík.

**Margrét Guðmundsdóttir**  
Steinunn Ó. Guðmundsdóttir  
Guðrún G. Guðmundsdóttir  
Guðmundur I. Guðmundsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

**Andri Jónasson**  
Sigmundur Guðmundsson  
Danuta Mamczura



Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

†  
Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,  
**HELGA JÓHANNA GUÐJÓNSDÓTTIR**  
Tunguseli 7, Reykjavík,  
lést á Landspítalanum í Fossvogi 21. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 1. júlí kl. 13.00.

**Skarphéðinn Haraldsson**  
Lilja Skarphéðinsdóttir  
Jón Skarphéðinsson  
Hólmfríður L. Skarphéðinsdóttir  
Rósa Kristín Skarphéðinsdóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.

**Inga Þórunn Sigurðardóttir**  
Jón S. Hilmarsson  
Erlundur Jón Ólafsson



†  
Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir og afi,  
**HALLGRÍMUR ÞORSTEINN TÓMASSON**  
Snægili 14, Akureyri,  
lést laugardaginn 20. júní. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju miðvikudaginn 1. júlí kl. 13.30.

**Svanhildur Dagný Karlsdóttir**  
Tómas Hallgrímsson  
Guðmundur Örn Hallgrímsson  
Karen Dúa, Elfar Dúa, Anna Dúa og Örn Dúa Kristjánsson  
og afabörn.

**Kolfinna María Nielsdóttir**





# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ELDHEITUR MATGÆÐINGUR

Jónína Ósk Lárusdóttir er með eldheitan mataráhuga. Hún lætur sér ekki nægja að blogga um mat heldur framleiðir núna skurðbretti, svuntur og fleira.

Síða 2

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



### LISTHNEIGÐ

Elín hefur mikið teiknað frá því hún var barn. Núna gerir hún myndir með hjálp tölvunnar. MYND/GVA

## HUGMYNDIRNAR FRÁ LJÓSMYNDUM

**GRAFÍSKAR TEIKNINGAR** Sjór, ský og landslag sem blandast saman er meðal viðfangsefna Elínar Arnórsdóttur sem gerir fallegar myndir..

Elín Arnórsdóttir gerir fallegar grafískar teikningar en hún hefur alla tíð haft áhuga á hönnun og teiknað mikið. „Þegar ég var yngri var ég mest að vinna með blýanti en svo þegar ég var í grunnskóla fóru allir að setja upp blogg-síður og þá var vinsælt að vera með fallega skreytt blogg. Ég byrjaði að fíkta í alls kyns forritum eins og Photoshop og fleira og varð fljótt mjög góð í því. Síðan hef ég mikið verið að leika mér í því að búa til myndir og fleira í tölvunni. Ég ákvað síðan að fara í nám í grafískri miðlun í Tækniskólanum haustið 2013 og þá byrjaði þetta fyrir alvöru,“ útskýrir Elín en hún klárar námið um næstu jól.

Henni finnst gaman að gera myndirnar fyrir sig sjálfa en vinir og ættingjar hafa undanfarið sýnt mikinn áhuga á myndunum og eru þær komnar upp um alla veggja hjá fólki sem er tengt Elínu. Verkefnið vatt svo enn frekar upp á sig og nýlega opnaði hún Facebook-síðu helgaða myndunum. „Ég bý hjá foreldrum mínum þessa stundina en þegar ég fæ eigin íbúð verður hún eflaust full af mínum verkefnum. Það er líka skemmti-

legt að sjá verkin sín komin upp á veggj annars staðar.“

Stíllinn hennar Elínar spannar vítt svið að eigin sögn en hún lýsir honum sem blöndu af skandinavískum stíl og indverskum. „Ég þæli mikið í hönnun almennt en ég hef sjálf aðallega teiknað og þá þessar myndvinnsluteikningar. Mér finnst gaman að skoða alls kyns ljósmyndir og fá innblástur frá þeim og eru flest allar myndirnar mínar unnar út frá ljósmyndum. Ef ég finn mynd sem grípur mig algjörlega þá reyni ég að finna fleiri myndir í svipuðum stíl eða litapallettu til að setja saman í verk, og fæ auðvitað leyfi höfunda þeirra til þess. Mér finnst gaman að vinna með ákveðið þema í myndunum. Kaleidoscope Vol. 2 er til dæmis sett saman úr ljósmyndum af eðalsteinum, Kaleidoscope Vol. 3 er samsett úr abstrakt listaverkum og marmara og Kaleidoscope Vol. 4 er samsett úr ljósmyndum af náttúrunni. Það gefur myndunum svolítið meiri karakter að vita þemað á bak við þær,“ segir Elín gláðlega.

■ liljabjörk@365.is



### ÚR EÐALSTEINUM

Myndin heitir Kaleidoscope Vol. 2 og er samsett úr eðalsteinum.



### BLACKFLOWERS

Þessi mynd er í miklu uppáhaldi hjá Elínu.

Er ferðavagninn rafmagnslaus?

Þú getur treyst á TUDOR



Fristunda rafgeymar í miklu úrvali, AGM þurr rafgeymar eða lokaðir sýrurafgeymar.

**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## Garðtraktorar

Mikið úrval garðtraktora með og án safnkassa



Reykjavík:  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

Akureyri:  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

Vefsíða:  
www.thor.is

Opnunartími:  
Ópið alla virka daga  
frá kl 8:00 - 18:00  
Lokað um helgar







GULL BYLGJAN

**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla  
30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS



**MATARNÖRD** Jónína Ósk Lárusdóttir framleiðir skurðarbretti og fleiri vörur til heimilisins undir heitinu Bifurkolla. Hún deilir eldheitum áhuga á mat með fjölskyldunni og saman heldur fjölskyldan úti síðunni heimilismatur.com. MYND/GVA

NÝTT fyrir börn

**Bioskin Junior**  
Náttúrulegar húðvörur  
Fyrir börn 3ja mánaða og eldri. Söluastaðir: Flest apótek og heilsuþúðir

Þurr húð og exem

natures aid  
Náttúruleg, sterk, hágæða  
**E-vítamín olía**  
High strength natural source Vitamin E  
20,000iu  
50ml

- Frábær á slit, ör og exem
- Græðandi og mykjandi
- Ver húðina fyrir öldrun
- Notist bæði inn- og útvortis

Hraunbergspótek, Garðspótek, Lyfsalinn, Apótek Garðabæjar, Lyfjaver, Árbæjarapótek, Apótekarinn Mjódd og Hamraborg, Lyf og heilsa Austurvei, Kringlunni og JL húsinu.

# MATARNÖRD HANNAR BRETTI

**TIL HEIMILISINS** Jónína Ósk Lárusdóttir deilir eldheitum áhuga á mat með foreldrum sínum og systur. Fjölskyldan er með matarblogg og borðar reglulega saman. Mataráhuginn leiddi Jónínu út í framleiðslu á skurðarbrettum.

Við höfum alltaf haft gaman af eldamennsku og þarna fáum við útrás, bæði fyrir rötgrónar uppskriftir og tilraunir. Sjálf er ég með áráttu fyrir klassískum matreiðslubókum og bæti oft nýju tvisti við gamla uppskrift,“ segir Jónína Ósk Lárusdóttir, en hún heldur úti matarsíðunni heimilismatur.com, ásamt foreldrum sínum og systur.

Fjölskyldan borðar oft saman og ræðir þá matreiðslu fram og aftur. „Við erum matarnörðar,“ segir Jónína spossk. „Mamma og pabbi hafa orðið nýjungagjarnari síðustu ár og öll eigum við okkar sérstöku rétti,“ bætir hún við og segir mataráhugann hafa leitt hana í óvænta átt en hún framleiðir skurðarbretti, viskustykki og svuntur undir heitinu Bifurkolla.

„Skurðarbrettin voru í raun spontant hugmynd en ég ákvað að vera með á markaði á Kexi hosteli fyrir jól. Þar helltust yfir mig sérpantanir á brettum og þá var bara að hrökkva eða stökkva. Nú er ég komin með vinnustofu í Íshúsi Hafnarfjarðar og vörulínan stækkar, viskustykki og svuntur og fleiri bretti. Nú síðast vann ég birkibretti úr íslensku birki að austan. Ný lína er þegar í vinnslu hjá mér í samvinnu við keramikhönnuð þar sem ég ætla að nota ösp. Það verður vonandi klárt fyrir jólin,“ segir Jónína. Nánar má forvitnast um Bifurkollu á Facebook. Þá fengum við Jónínu til að gefa uppskrift að góðum mat á mánudegi.

## GOTT BRAUÐ MEÐ MAT

Þessa uppskrift fékk ég upprunalega hjá frænku minni, sem hefur mikið bakað brauð í gegnum tíðina.

- 500 gr brauðhveiti í bláu pokunum
- Smá salt, um 1 tsk.
- 1 tsk. þurrger
- 4 dl volgt vatn

Allt hrært saman í hrærivél. Gott er að bæta við fræjum og kornum eða þá döðlum og fíkjum, og svo er þetta sett í ílát með plastfilmu yfir. Látið hefast í 16-20 klst.

Deigið er tekið úr skálinni og mótað sem brauð.

Bakað í ofni við 230 gráður í 30 mínútur í lokuðum potti. Lokið er þá tekið af og bakað áfram í 10-15 mín.

Frænku finnst gott að setja rakt stykki yfir brauðið meðan það kólnar svo skorpan verði ekki eins hörð, en mér finnst gott að hafa harða skorpu.

Þetta er ein af þessum uppskriftum sem er hægt að leika sér með fram og til baka, allt eftir því hvaða fræ eða ávexti maður setur í brauðið.

Mér finnst best að hræra í þetta að kvöldi, láta hefast yfir nóttina og fram á næsta dag, baka þetta svo fyrir eða eftir kvöldmat. Þá er ljómandi gott brauð með matnum til fyrir næsta dag.

## HUMMUS

- 1 dós kjúklingabaunir, ég set með smá vökva úr dollunni
- 1-2 kramdir hvítlauskgeirar
- 5-6 sólpurrkaðir tómatar
- Smá salt og pipar
- 1 tsk. paprikurydd og kummin
- Skvetta af sítrónusafa

Olía eftir þörfum og allt maukað saman í matvinnsluvél

## PESTÓ

- Knippi af basilíku og smá steinselju ef hún er til
- 1-2 hvítlauskgeirar
- Rifinn ferskur parmesanostur
- Furuhnetur
- Skvetta af sítrónusafa
- Smá salt og pipar
- Olía, mauka allt saman og bæta olíu við ef með þarf

Þetta notum við rosalega mikið sem álegg eða meðlæti með mat. Pestó t.d. með grilluðum laxi er dásemd og einnig sem sósa á hamburgara.



**MATARBRAUÐ MEÐ HUMMUS OG PESTÓ** Brettíð er frá Bifurkollu og skálarnar eru frá Hanna Greta art Ceramic.

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



S A F T



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**  
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Jón Ívar Vilhelmsson**, jonivar@365.is, s. 512 5429  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggitur fasteignasali Sími 897 8266  
Sigurður Samúelsson Löggitur fasteignasali Sími 896 2312  
Sveinn Eyland Löggitur fasteignasali Sími 690 0820  
Íris Hall Löggitur fasteignasali  
Þórarinn Thorarensen Sölustjóri Sími 770 0309  
Rúnar Óskarsson MBA viðskiptafr. / sölufulltrúi Sími 895 0033  
Eggert Mariuson Sölufulltrúi Sími 690 1472  
Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir skjalagerð  
Benedikt Ólafsson sölufulltrúi Sími 661 7788  
Nadia Katrín sölufulltrúi Sími 692 5002

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaði sem veitir afburðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

**FASTEIGNASALAN BÆR**  
www.fasteignasalan.is

Elin Viðarsdóttir Lögg. fasteignasali

**Suðurbraut 10, Hf.**  
Opíð hús þriðjud. 30. jún.  
kl. 17:00-17:30

**Barðastaðir 9, 112 Rvk.**  
Opíð hús þriðjud. 30. jún.  
kl. 18:00-18:30

**22,5 m**  
**36,5 m**

- Rúmgóð 3ja herbergja íbúð 68,2 fm
- Töluvert endurnýjuð
- 2. hæð
- Gaflíbúð (gluggar á 3 vegu)
- Vel viðhaldið hús
- Opin og björt

- Rúmgóð 3ja herb. 111,6 fm og stæði í bílag.
- 2 rúmgóð svefnherbergi
- Lyfta. Stæði innangengt
- Laus við kaupsamning
- 4. hæð SV-svalir
- Skipti möguleg á minni eign
- Stórkostlegt útsýni

elin@fasteignasalan.is Sími: 695 8905

## Falleg hæð á góðum stað

Eignamiðlun kynnr:  
Frábærlega staðsett og mikið uppgerð 130,7 fm efri hæð við Dyngjuveg í Reykjavík. Glæsilegt útsýni til austurs, suðurs og vesturs. Tvær bjartar og rúmgóðar stofur, þrjú svefnherbergi og tvennar svalir. Á lóð er sér um 30-35 fm sólpallur með skjólveggjum.



Vel staðsett eign með fallegu útsýni við Dyngjuveg í Reykjavík.

Fallegir nýlegir franskir gluggar í borðstofu og stofu en frá stofunum er glæsilegt útsýni frá Hengli í austri til Hörpu í vestri. Parket er á stofu og borðstofu. Á jarðhæð er sér geymsla og þvottahús með útgangi út í garð. Garður er fallegur í rækt og með nýjum 30-35 fm sólpalli með skjólveggjum.

Miklar endurbætur hafa verið gerðar á eigninni og var hún sprunguviðgerð og máluð að utan á þessu ári, bæði hús og timburverk. Þakrennur voru einnig endurnýjaðar fyrr á árinu, sameign máluð og gólf flotuð og máluð og skipt um

vask og vaskaskáp á baðherbergi. Þak var málað og yfirfarið árið 2014 og drenað var austan-, vestan- og norðanmegin við húsið árið 2012. Sama ár voru skolplagnir frá húsi og út í götu endurnýjaðar og vatnslagnir (heitt og kalt) undir jarðhæð, frá inntaki og undir hús, endurnýjaðar. Árið 2011 var eldhúsinnrétting endurnýjuð og árið 2009 var skipt um glugga á austurhlíð og í sameign.

**HÚSIÐ ER VEL STAÐSETT VIÐ LAUGARDALINN ÞAR SEM ÖLL HELSTA HEILSU-RÆKT, GRUNNSKÓLI OG LEIKSKÓLAR ERU Í GÖNGU-FÆRI. EINNIG ER MENNTA-SKÓLINN VIÐ SUND Í NÆSTA NÁGRENNI.**

Nánari upplýsingar fást á skrifstofu Eignamiðlunar í síma 588 9090.

**BERG FASTEIGNASALA**

Háholt 14, Mosfellsbær  
Sími: 588 5530 • berg@berg.is www.berg.is  
GSM 897 0047

Þétur Þétursson lögg. fasteignasali  
Petur@berg.is

**heimili fasteignasala** – á traustum grunni

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali  
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali  
Stefán Már Stefánsson sölufulltrúi  
Guðbjörg G. Blöndal lögg. fasteignasali  
Ásdís Írena Sigurðardóttir skjalagerð  
Brynjólfur Snorrason sölufulltrúi  
Karen Sævarsdóttir MBA markaðsfræði  
Gunnlaugur A. Björnsson sölufulltrúi  
Hjálmar Már Kristinsson sölufulltrúi

Finndu okkur á Facebook

**Barðastaðir 11 - útsýnisíbúð. Opíð hús í dag frá 17:00-17:30**  
Góð 4ra herbergja útsýnisíbúð á 4. hæð í lyftuhúsi ásamt stæði í bílageymslu. Eignin skiptist í opna forstofu, stofu, eldhús, hjónaherbergi, tvö barnaherbergi, baðherbergi, þvottahús. Í göngufæri er leikskóli, grunnskóli, þjónusta og fleira. Laus fljótlega.  
Verð. 36,9 millj. Frekari upplýsingar veitir Stefán 659-0500.

**Lyngmóar 14 - 2ja + bílsk. Opíð hús í dag frá kl. 17:30 - 18:00.**  
Rúmgóð og mikið endurnýjuð 2ja herbergja íbúð með bílskúr. Íbúðin er töluvert endurnýjuð og er með mikilli lofthæð og frábæru útsýni til vesturs. Góð staðsetning þar sem stutt er í alla þjónustu. Laus strax. Frekari upplýsingar veitir Hjálmar, 866-7884.

**Goðheimar - hæð með bílskúr.**  
Um er að ræða 161 fm hæð með bílskúr. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi og tvær stofur. Núverandi skipulag gefur færri á breytingum, m.a. fjölga herbergjum. Tvennar svalir eru á íbúðinni, aðrar út frá hjónaherbergi en hinar út frá stofu. Þvottahús er innan íbúðar. Góð staðsetning stutt í Laugardalinn og alla þjónustu. Laus við kaupsamning. Stefán 659-0500 stefan@heimili.is

**Eyktarhæð 5, einbýli**  
Glæsilegt einbýlishús í Garðabæ, samtals 263,5 fm. Góð herbergi og stórar stofur. Vönduð gólfefni og innréttingar. Lóð í góðri rækt með sólpöllum. Einstakt hús sem býður uppá mikla möguleika.  
Verð: 69.9 m.kr. upplýsingar veitir Karen, karen@heimili.is / 695-6890

**Birtingakvísl - frábært fjölskylduhús.**  
Mjög vel hannað um 212 fm endaraðhús ásamt bílskúr. Fimm svefnherbergi og stór suðursólpallur með góðum garði, heitur pottur. Öll herbergi eru rúmgóð sem og tvær bjartar stofur. Verð 56,4 millj. Frekari upplýsingar gefur Finnbogi, 895-1098.

**Sjávargata - Einbýlishús**  
Rúmgott og vel skipulagt 220 fm einbýlishús á einni hæð með innbyggðum bílskúr. Húsið stendur innst í botnlanga á hornlóð og frá því mikið útsýni. Fjögur góð svefnherbergi og góðar stofur, sólstofa og afgirtur sólpallur.

**Fagrihjálli - Parhús**  
Húsið er á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi og bjartar stofur, sólstofa, suðursvalir, tveir sólpallar, hellulagt bílastæði og mikið útsýni. V 49,0 m.

**Furuás 1, Grb. - einbýli á einni hæð.**  
Sérlega vel hannað um 250 fm einbýlishús. Fjögur stór svefnherbergi. Björt stofa og borðstofa með mikilli lofthæð. Stórt fjölskyldueldhús, sólpallar og heitur pottur. Tvöfaldur innbyggður 51 fm bílskúr, í dag innréttaður sem íbúð. Möguleg skipti á minni eign. Frekari upplýsingar veitir Finnbogi, 895-1098.



**Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.**

**Verslunarhúsnæði óskast í 101**

**50-100 fermetra til leigu eða til kaups fyrir traustan aðila.**

**Suðurgata - Heil húseign.**



Virðulegt timburhús á steinkjallara við Suðurgötu 12 í Reykjavík. Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals 357,2 fm. að gólfleti auk 21,8 fm. bílskúrs. Húsið stendur á fallettri og gróinni um 900 fm. lóð. Átta bílastæði eru á baklóð hússins og möguleiki er á að fjölga bílastæðum á lóðinni enn frekar. Húsið var reist árið 1899 af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni. Fyrir rúmlega 20 árum var húsið allt endurnýjað að utan sem innan. Eignin hentar mjög vel undir hvers konar þjónustustarfsemi auk þess sem það myndi sóma sér vel sem glæsilegt íbúðarhús í hjarta borgarinnar.

**Bergstaðastræti.**



Glæsileg 181,9 fm. 8 herbergja hæð og kjallari á þessum vinsæla og eftirsóttá stað við Bergstaðastræti. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og var flutt árið 1980 á nýsteyptan kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarið ár m.a. eldhús. Allar lagnir hússins voru endurnýjaðar 1980. Hús var málað að utan 2013. Möguleiki er að hafa séríbúð í kjallara en þar er séringangur. Rúmgóðar vestur svalir út úr eldhúsi. Gróinn falllegur garður sem er afgirtur.

**Verð 64,9 millj.**

**Skútahraun – Hafnarfirði.**



**Atvinnuhúsnæði með traustum langtímaleigu-samningi.**

